

AÐALSKIPULAG VOPNAFJARÐAR- HREPPS TIL 2040

GREINARGERÐ

5. desember 2025



Auglýsing aðalskipulagstillögu ásamt forsendu- & umhverfisskýrslu
samanber skipulagslög nr. 123/2010 og lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021

Skipulagsgögn

Aðalskipulagið er sett fram með stefnu og ákvæðum í greinargerð og á uppdráttum.

- Í þessari greinargerð er útlistun á stefnumörkun sveitarfélagsins um landnotkun og sjálfbæra þróun til ársins 2040.
- Á þéttbýlisuppdrætti má sjá landnotkun, takmarkanir á landnotkun og helstu innviðakerfi sveitarfélagsins í Vopnafjarðarkauptúni, eina þéttbýli sveitarfélagsins.
- Sveitarfélagsuppdráttur sýnir heildarmynd af landnotkun, takmörkunum og innviðakerfum í sveitarfélaginu öllu.

Finna má frekari skýringar og ítarlegri bakgrunnsgögn í forsendu- og umhverfisskýrslu ásamt skýringaruppdráttum.

- Í forsendu- og umhverfisskýrslu er að finna forsendur fyrir stefnumótun og skilmála aðalskipulagsins auk umhverfismati.
- Skýringaruppdrættir sýna nánar takmarkanir og forsendur aðalskipulagsins.

AÐALSKIPULAG VOPNAFJARÐARHREPPS til 2040 samanstendur af eftirfarandi gögnum:

- þessari greinargerð,
- þéttbýlisuppdrætti í mælikvarðanum 1:5.000,
- sveitarfélagsuppdrætti, í mælikvarðanum 1:100.000,
- forsendu- og umhverfisskýrslu,
- skýringaruppdráttum:
 - A 1-3: Flokkun landbúnaðarlands,
 - B: Vegir í náttúru Íslands,
 - C: Náttúruvernd,
 - D: Þjóðlendur í sveitarfélaginu,
 - E: Skráðar menningarminjar,
 - F: Reiðleiðir.

Öll gögn hafa sömu dagsetningu.

Unnið með Vopnafjarðarhreppi,



Óskað er eftir athugasemdum og ábendingum

Nú stendur yfir auglýsing á aðalskipulagi þar sem íbúum, landeigendum og öðrum hagsmunaaðilum gefst færi á að koma að athugasemdum og ábendingum. Öllum innsendum athugasemda verður svarað.

Hægt er að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum við þessa tillögu með því að senda þær skriflega inn gegnum Skipulagsgátt:
<https://skipulagsgatt.is/issues/2024/196>

Hvað gerist næst?

Eftir að tímafrestur til að senda inn athugasemdir rennur út er athugasemdum safnað saman og þeim svarað.

Sjá nánar um samráð í [kafla 1.3](#) hér aftar.

EFNISYFIRLIT

Skipulagsgögn	2
EFNISYFIRLIT	4
1. INNGANGUR	6
1.1. Skipulagssvæðið	6
1.2. Málsmeðferð	7
1.2.1. Breytingar frá vinnslutillögu:	7
2. LEIÐARLJÓS, STEFNUR OG MARKMIÐ	10
2.1. Meginstefna fyrir umhverfi og auðlindir	11
2.2. Meginstefna fyrir samfélag	16
2.3. Meginstefna fyrir atvinnulíf	19
2.4. Meginstefna fyrir grunnkerfin	21
3. SAMANTEKT UMHVERFISÁHRIFA	24
4. STEFNA UM LANDNOTKUN	26
4.1. Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)	27
4.2. Athafnasvæði (AT)	27
4.3. Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)	28
4.4. Flugvellir (FV)	29
4.5. Frístundabyggð (F)	30

4.6. Hafnir (H)	30
4.7. Iðnaðarsvæði (I)	31
4.8. Íbúðarbyggð (ÍB)	32
4.9. Íþróttasvæði (ÍÞ)	33
4.10. Kirkjugarðar og grafreitir (K)	34
4.11. Landbúnaðarsvæði (L)	34
4.12. Miðsvæði (M)	37
4.13. Opín svæði (OP)	37
4.14. Óbyggð svæði (ÓB)	39
4.15. Samfélagsþjónusta (S)	39
4.16. Sérstök not haf- og vatnssvæða (SN)	40
4.17. Skógræktar og landgræðslusvæði (SL)	41
4.18. Strandsvæði (ST)	43
4.19. Vatnsból (VB)	44
4.20. Vegir, götur og stígar (VE)	44
4.20.1. Jarðgöng	44
4.20.2. Stofnvegir	44
4.20.3. Tengivegir	45
4.20.4. Aðrir vegir	45
4.20.5. Vegslóðar	45
4.20.6. Reiðleiðir	45
4.21. Veitur og helgunarsvæði (VH)	46
4.21.1. Vatnsveita	46
4.21.2. Hitaveita	46
4.21.3. Fráveita	46
4.21.4. Rafveita	46
4.21.5. Fjarskiptalagnir og fjarskiptamannvirki	47
4.22. Verslun og þjónusta (VP)	48
4.23. Vötn, ár og sjór (V)	48

5. TAKMARKANIR Á LANDNOTKUN	51
5.1. Þéttbýlismörk	51
5.2. Hverfisvernd (HV)	51
5.3. Minjavernd (MV)	52
5.3.1. Friðlýsta fornleifar	52
5.3.2. Friðaðar fornleifar	53
5.3.3. Friðlýst hús	54
5.3.4. Friðuð hús	56
5.4. Vatnsvernd (VF & VG)	57
5.4.1. Vatnsvernd, grannsvæði (VG)	57
5.4.2. Vatnsvernd, fjarsvæði (VF)	57
5.5. Önnur náttúruvernd (ÖN)	58
6. SÉRSTÖK ÁKVÆÐI	60
6.1. Almenn ákvæði um framkvæmdaleyfi	60
6.2. Stakar framkvæmdir	60
6.2.1. Byggingar á landbúnaðarsvæðum	60
6.3. Sérstök ákvæði um hótél og gistipjónustu	60
6.3.1. Gistipjónusta á landbúnaðarsvæðum	60
6.4. Sérstök ákvæði vegna orkuvinnslu	61
6.4.1. Vatnsaflsvirkjanir á lögbýlum	61
6.4.2. Sólarsellur til eigin nota	61
6.4.3. Örvirkjanir á óbyggðu svæðum	61



1. INNGANGUR

Aðalskipulag er stefnumarkandi áætlun sveitarfélags um framtíðarþróun lands og byggðar. Það mótar heildarsýn um hvernig landnotkun, samgöngur, umhverfisvernd og þjónusta skuli þróast til lengri tíma lítið. Aðalskipulagið er grundvöllur fyrir gerð deiliskipulags og ákvarðanatöku um framkvæmdir og leyfisveitingar innan sveitarfélagsins.

Skipulagið setur fram stefnu um þróun byggðar, nýtingu auðlinda og verndun náttúru og menningarverðmæta, með það að markmiði að tryggja sjálfbæra og samfellda þróun samfélagsins til framtíðar.

1.1. Skipulagssvæðið

Samkvæmt 28. gr. skipulagslaga skal aðalskipulag sveitarfélaga ná til eins sveitarfélags og taka til alls lands innan sveitarfélagsins.

Í samræmi við skilgreiningu staðarmarka sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og jarðalög nr. 81/2004 eru skipulagsmörk dregin 115 metrum utan við stórstraumsfjörumörk.

Við stefnumótun var þó einnig horft út fyrir skipulagssvæðið, sveitarfélagið, og horft til annarra áætlana, bæði á landsvísi og svæðisvísi, sem kunna að hafa áhrif á sveitarfélagið. Sjá nánar um tengsl við aðrar áætlanir í þriðja kafla forsendu- og umhverfisskýrslunni, fylgiskjali aðalskipulagsins.



Mynd 1.1 Skipulagsmörk og aðliggjandi sveitarfélög.

1.2. Málsmeðferð

Aðalskipulagstillagan hefur fylgt málsmeðferð í samræmi við 30. gr. Skipulagslaga.

Til að meta hvort endurskoða ætti gildandi aðalskipulag, var unnin stöðu- og forsendugreining þar sem farið var yfir áskoranir og tækifæri til endurskoðunar á aðalskipulagi. Þá var haldin íbúafundur til að ræða tækifærin og líkleg efnistöð fyrir vinnuna. Í kjölfarið ákvað sveitarstjórn að fara í endurskoðun á aðalskipulagi.

Lýsing fyrir endurskoðun aðalskipulags var fyrst kynnt á íbúafundi í desember 2019. Þar varð farið yfir megin viðfangsefni fyrir nýtt aðalskipulag og verkefnum forgangsraðað. Þá var lýsingin send til Skipulagstofnunar og annarra umsagnaaðila í kjölfarið. Bárust ýmsar ábendingar um efnistöku og áherslur sem hafðar voru til hliðsjónar við gerð þessarar tillögu.

Í byrjun september 2020 var haldin íbúafundur um framtíð Vopnafjarðar þar sem farið var nánar í málefnið og framtíðarsýn fyrir sveitarfélagið. Stuttu síðar fór verkefnið í bið. Í febrúar 2022 fór vinna aftur af stað þegar haldin var stefnumótunarfundur sveitarstjórnar og skipulagsnefndar. Farið var yfir valkosti og nánari útfærslur skoðaðar á vinnufundi í september 2022.

Vinnslutillaga var kynnt á íbúafundi í febrúar 2024 og kynningartími hennar var fram í miðjan apríl. Á íbúafundinum voru umræður um að endurskoða þurfi ákvæði um skógrækt í tillögunni. Þá bárust 19 skriflegar umsagnir í gegnum skipulagsgáttina.

Í kjölfarið mótaði umhverfis- og framkvæmdaráð breytta stefnu og nýja skilmála fyrir skógrækt. Unnið var úr innsendum umsögnum og athugasemdum sem leiddi til breytinga á framsetningu í greinargerð þar sem skerpt var á skiptingu umfjöllunar milli greinargerðar og umhverfisskýrslu.

1.2.1. Breytingar frá vinnslutillögu:

- Framsetningu á þéttbýlisupprætti breytt í samræmi við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar.
- Þéttbýlismörk færð utan um ÍB-7 og ÍB-8.
- Opin svæði (OP) innan þéttbýlismarka skilgreind nánar.
- Umfjöllun um leiðarljós og stefnu samræmd milli umhverfisskýrslu og greinargerðar.
- Breytt stefna og ákvæði um skógrækt og landgræðslu.
- Landnotkunarreitur S-7 stækkaður þar sem gert er ráð fyrir stækkun dvalarheimilis.
- Breytingar á skilmálum landbúnaðarsvæðis vegna gistimöguleika, til einföldunar og samræmis við ákvæði annarra sveitarfélaga.
- Ákvæði um umfang mannvirkja eða starfsemi skilgreind nánar í öllum landnotkunarflokkum.
- Smávirkjunum í landi Engjahlíðar og Refastaða bætt við.
- Umfjöllun um valkosti íbúðasvæða bætt við forsendu og umhverfisskýrslu.
- Bætt við landnotkunarflokknum vötn, ár og sjór (V). Lykilár sveitarfélagsins bætt þar við, Selá, Vesturdalsá og Hofsa.
- Breytt og bætt umfjöllun um menningarminjar.
- Minjavernd (MV) bætt við á uppdrátt.
- Flokkun landbúnaðarlands endurskoðuð eftir útgáfu Lands og skóga á grunngreiningu.
- Samræming við landsskipulagsstefnu

Nú fer fram formleg auglýsing aðalskipulagstillögu. Hægt er að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum við þessa tillögu með því að senda þær skriflega inn gegnum Skipulagsgátt á slóðinni <https://skipulagsgatt.is/issues/2024/196>


Öllum innsendum athugasemda verður svarað.

Aðalskipulagstillagan er send Skipulagsstofnun ásamt eftirfarandi umsagnaraðilum:

- *Aðliggjandi sveitarfélög:* Múlaþing, Langanesbyggð og Norðurþing.
- Austurbrú & SSA
- Skógræktarsamband Austurlands
- Nefndir sveitarfélagsins: hreppsráð, fjölskylduráð, menningar- og atvinnumálanefnd
- *Félagasamtök innan sveitarfélagsins:* Björgunarsveitin Vopni, Ungmennafélagið Einherji, Framfara og ferðamálafélag Vopnafjarðar, Golfklúbbur Vopnafjarðar, Hestamannafélagið Glófaxi, Vínir Vopnfirðingasögu.

Og umsagnaraðilum á landsvísi:

Ferðamálastofa, Fiskistofa, Forsætisráðuneytið, Heilbrigðiseftirliti Austurlands (HAUST), ISAVIA, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofu Austurlands, Orkustofnun, RARIK, Umhverfisstofnun, Veðurstofa Íslands, Vegagerðin.





2. LEIÐARLJÓS, STEFNUR OG MARKMIÐ

Með hugmyndafræðina um sjálfbæra þróun og hringrásahagkerfið í huga stefnir Vopnafjarðarhreppur að eflingu samfélags og umhverfis svo hvort tveggja vaxi og dafni til framtíðar.

Eftirfarandi leiðarljós eru lögð fram:

- Íbúar í Vopnafirði búa við góða þjónustu alla ævi. Hér er gott að ala upp börn og eftirsóknarvert að eyða ævikvöldinu.
- Gott framboð er af fjölbreyttu húnsæði fyrir íbúa og atvinnulífið.
- Sveitarfélagið er lofað fyrir heilsusamlegt, snyrtilegt og fallegt umhverfi sem er grunnurinn að lífsgæðum íbúa.
- Gengið er um náttúruna af virðingu og auðlindir eru nýttar með sjálfbærum hætti.
- Virðing er borin fyrir sögunni og arfleðinni.
- Fjölbreytt atvinnulíf er á Vopnafirði, þar sem sjávarútvegur er grunnstoð sem leiðir af sér ýmis störf.
- Kjöraðstæður eru fyrir smáiðnað, nýsköpun og listir til að blómstra á staðnum.
- Ferðaþjónusta byggir á sérkennum staðarins, friðsældinni að vera úr alfaraleið og nálægðinni við heiðarnar.
- Traustir innviðir eru forsenda fyrir auknum lífsgæðum íbúa og fjölbreyttu atvinnulífi.

Leiðarljósin eru vegvísar sem ætlaðir eru til að leiða uppbyggingu og þróun í sveitarfélaginu í átt að bættum lífsgæðum íbúa, fjölbreyttum atvinnutækifærum og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

Viðfangsefnum og málaflokkum aðalskipulags er skipt í fjóra yfirflokka. Settar eru meginstefnur fyrir hvern yfirflokk sem byggja á leiðarljósum aðalskipulagsins.

Yfirflokkarnir eru:

- umhverfi og auðlindir,
- samfélag,
- atvinnulíf,
- grunnkerfin.

Viðfangsefni innan málaflokka eru skilgreind og markmið sett fyrir þau. Að lokum eru lagðar leiðir til að ná settum markmiðum, eftir því sem við á.

Val á viðfangsefnum var hluti af stefnumótuninni þar sem unnið var bæði niður (e. top down) frá leiðarljósi, að megin stefnu, markmiðum og leiðum, en einnig upp aftur (e. bottom up).

Viðfangsefnin eru byggð á skilgreiningum úr kafla 4.3 í skipulagsreglugerð 90/2013 ásamt forsendugreiningu sem unnin var við upphaf vinnunnar við endurskoðun aðalskipulagsins.

Í forsendu- og umhverfisskýrslu er farið nánar í forsendur og mótun stefnunnar.

2.1. Meginstefna fyrir umhverfi og auðlindir

Fyrir umhverfi og auðlindir er megin stefnan að stutt sé við sjálfbærni og virkni vistkerfa. Hér er horft til vistfræðilegu grunnstoðarinnar í sjálfbærri þróun.

Náttúruauðlindir eins og vatn, jarðvegur, jarðefni, landslag, lífríki lands, vatns og sjávar, eru hér undir. Þessar auðlindir eru grundvöllur búsetu og tilveru samfélaga og því mikilvægt að stutt sé við jákvæða framvindu þeirra.

Viðfangsefni sem m.a. tilheyra málaflokknum:

- efnistaka og efnislosun
- gróður og vistkerfi,
- jarðvegur,
- landgræðsla og endurheimt votlendis,
- landslag,
- loftslagsvá,
- orkunýting/orkuvinnsla,
- skógrækt,
- úrgangsmál,
- varúðarsvæði og náttúruvá,
- verndun vatnsgæða og náttúruminja.

Helstu forsendur og markmið

Til að styðja við jákvæða framvindu vistkerfa er horft til þess að forðast eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands.

Almennt séð er náttúrufar Vopnafjarðar í góðu jafnvægi, land er gróið á flestu stöðum og sérstaða landslagsins felst í þremur, frekar breiðum, og víðsýnum dölum þar sem fjallahryggur Smjör- og Fagradalsfjalla byrgja frekari sýn. Ár og lækir

hlykkjast eftir dalbotnum. Heiðarnar bjóða upp á langar sjónlengdir og ýmis tækifæri til útivistar. Þá setur klettótt strandlengjan sterkan svip.

Árnar þrjár; Selá, Vesturdalsá og Hofsá mæta svo sjónum hver á sinn hátt. Árósamir og nærumhverfi þeirra eru einstakir og eftirtektarverðir: Hámundarstaðarvík (við ósa Selár), Skógar- og Nýpslón (Vesturdalsá) og Sandvík (Hofsá).

Fagradalsfjöll, Kollumúli og Bjarnarey eru á náttúruminjasrá sem aðrar náttúruminjar. Þykir svæðið státa af fögru fjallendi með dalverpum og litríkri strönd. Þá er þar að finna athyglisverðan gróður og ljóst gosberg setur sinn svip á svæðið.

Bjarnarey er algróin, með fjöru fuglalíf og selalátur. Búið var í eyjunni með hléum þar sem fisk- og hákarlaveiðar voru stundaðar út frá eyjunni.

Þessi svæði eru vel afmörkuð og úr alfaraleið. Vert er að halda í núverandi ásjúnd svæðanna og takmarka landnotkun við útivist.

Hreindýr halda sig til á heiðum Vopnafjarðar. Nýtingu þeirra er stjórnað, en mikilvægt er að trufla þau sem minnst.

Óspillt náttúra Vopnafjarðar hefur ótvírætt gildi fyrir núverandi og komandi kynslóðir. Hana ber að vernda til að íbúar fái notið hennar og nýtt til útivistar og fræðslu. Stuðla skal að umhverfi sem hvetur til útiveru á öllum árstíðum.

Gróður, votlendi og vistkerfi

Náttúruskógar og votlendi eru ómetanleg búsvæði fyrir margar lífverur og stuðla að líffræðilegri fjölbreytni. Einnig geyma þessi svæði mikið magn kolefnis, sérstaklega í jarðvegi. Það er nauðsynlegt að vernda náttúruskóga sem enn eru til og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra. Verndun slíkra svæða hefur mikla þýðingu fyrir líffræðilega fjölbreytni og jarðvegssuppbýggingu. Huga þarf sérstaklega að vali tegunda á plöntum og trjátegundum til gróðursetningar.

Í Vopnafirði eru tækifæri til staðar til að auka bindingu kolefnis í gróðri og jarðvegi með aukinni skógrækt og uppgræðslu lítt gróins lands. Samhliða því þarf að koma í veg fyrir frekari framræslu lítt raskaðs votlendis. Þá þarf að hafa í huga sjálfbæra stýringu búfjárbæitar.

Markmiðið er að hámarka getu náttúrunnar til að veita vistkerfisþjónustu sem hjálpar við aðlögun að loftslagsbreytingum, vinnur gegn tapi á líffræðilegri fjölbreytni, minnkar áhættu vegna náttúruhamfara og tryggir matvælaöryggi. Með náttúrumiðuðum lausnum er ekki aðeins verið að bæta umhverfið heldur skapa einnig félagslegt, menningarlegt og fjárhagslegt virði. Þær geta stuðlað að margvíslegum markmiðum, svo sem að auka framleiðslumöguleika bænda, hvort sem það er með nytjaskógum, aukinni líffræðilegri fjölbreytni í endurheimtu votlendi eða uppgræðslu lands sem nýtist til bæitar og sem búsvæði fugla.

Líf í vatni

Lífrikið í ám sveitarfélagsins er afar mikilvægt og hefur skapað hlunnindi fyrir margar bújarðir. Hlunnindin felast bæði í leigu til stangveiði en einnig er talsverð þjónusta sem tengist veiðinni. Huga þarf að sjálfbærri nýtingu fiskstofna í ferskvatni og verndun þeirra. Skoðar þarf sérstaklega veiðifyrirkomulagi vegna fækkun á bleikju í Vesturdalsá.

Skógrækt og landgræðsla

Meginmarkmið skógræktar og landgræðslu er að verja eða bæta jarðveg og gróðurþekju.

Landgræðsla er mikilvæg aðgerð til að bæta jarðveg, draga úr jarðvegsrofi, endurheimta gróður og stuðla að kolefnisbindingu. Í aðalskipulagi sveitarfélagsins er gert ráð fyrir að landgræðslusvæði falli innan almennra landnotkunarflokka, nema sérstök ástæða sé til að afmarka þau sérstaklega.

Skógrækt getur haft mismunandi tilgang svo sem nytjaskógrækt, beitaskógrækt og skjólbeltarækt á lögbýlum sem hluti af búrekstri. Talað er um útivistarskógrækt í tengslum við ræktun á útivistarsvæðum. Þá er getur skógrækt verið hluti af landgræðslu á rýrum svæðum og talað er um endurheimt náttúruskóga. Þessu til viðbótar er síðan kolefnisbinding skógræktar. Svo getur tilgangurinn verið blanda af þessu en allir skógar gegna fjölbættum hlutverkum, burtséð frá því hver meginmarkmiðin eru með ræktun þeirra.

Tilgangur skógræktar getur haft áhrif á val á landnotkunarflokk en stærð og umfang ráða þar mestu. Skjólbeltarækt er t.d. öllu jafna ekki ráðandi

landnotkun þar sem tilgangurinn er gjarnan skjólmyndun fyrir aðra notkun. Þá getur tilhögun gróðursetningar skipt máli fyrir val á landnotkunarflokki, er um að ræða dreifða gróðursetningu trjáa eða samfellda skógrækt. Samfelld skógrækt útilokar vissan hátt ýmsa aðra notkun á meðan dreifð gróðursetning getur verið stuðningur við aðra nýtingu lands.

Almennt er lítið jákvæðum augum á landgræðslu og endurheimt náttúruskóga svo fremur sem slíkt felur í sér ekki meiriháttar inngrip í náttúrulega ferla eða nýtingu lands.

Við skógræktar og landgræðsluáform þarf að taka tillit til náttúru- og menningarminja eins og kostur er og forðast verði að skerða berjalönd, votlendi og mikilvæg sjónarhorn til kennileita eða fjalla. Ekki æskilegt að gróðursetning nálægt ám og vötnum standi í vegi fyrir gangandi umferð. Þá verður að skoða vel tegundasamsetningu þar sem fyrsta val ætti að vera innlendar tegundir og forðast skal útbreiðslu ágengra tegunda.

Allar framkvæmdir og rask á yfirborði vegna ræktunar utan landbúnaðarlands skal halda í lágmarki. Vegagerð vegna skógræktar skal halda í lágmarki og miða að því að nýta slóða og stiga sem fyrir eru. Stigagerð vegna skógræktar verður hægt að nota til viðhalds (grisjunar) og útivistar, ýmist sem reið- eða göngustigar.

Staðsetning og ríkjandi landnotkun hefur áhrif á ræktun og umfang þess. Greinarmunur er á skilmálum fyrir skógrækt og landgræðslu eftir ríkjandi landnotkun.

Við óbyggð svæði þarf t.d. að huga sérstaklega að verndun víðerna og heiðanna. Ekki er ráðlegt að gróðursetja tré ofar 400 m yfir sjávarmáli á heiðum og sáningu ágengra eða innfluttra tegunda er ekki leyfð.

Í landbúnaðarlandi er gert ráð fyrir nytjaskógrækt sem hluti af búrekstri sem og skjólbeltarækt án sérstakrar afmörkunar. Gera þarf þá grein fyrir hvaða flokki ræktunarlands er verið að nýta undir skógrækt. Fara þarf varlega í að fórna mjög góðu ræktunarlandi undir nytjaskógrækt.

Opin svæði eru ætluð fyrst og fremst til útivistar. Því er fát sem stendur í vegi fyrir því að skógrækt og landgræðsla fari fram innan slíkra svæða án frekari afmörkunar, enda sé slík ræktun ætluð til útivistar, skjólmyndunar, landbóta og fegrunar.

Almennt er ekki gert ráð fyrir umfangsmikilli skógrækt á svæðum fyrir frístundabyggð (F) eða afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF). Skjólærkt og afmörkun eignalands eða dvalarsvæða með gróðri er heimil. Skógrækt og önnur landbót með gróðri fer gjarnan vel með eða í nálægð við frístundabyggð og afþreyingar og ferðamannasvæði. Gæta þarf að eldvörnum og tryggja flóttaleiðir.

Sé farið í skógrækt á svæði sem ekki er skilgreint sem skógrækt og landgræðslusvæði þarf að skila inn, að lágmarki, eftirfarandi upplýsingum með umsókn um framkvæmdarleyfi:

- heildarstærð skógræktarsvæðis/ræktunarreit;

- áætluð stærð úrtaka, það er svæði sem útiloka skógrækt innan ræktunareita, svo sem vötn, ár, votlendi, klappir, klettur, fornleifar eða minjar og helgunarsvæði samanber lögum um menningarminjar, vegalög og sérstaka vernd í lögum um náttúruvernd,
 - aðkomu að svæðinu, stígum, slóðum og vegum innan svæðis ásamt efnisþörf fyrir vega- og stígagerð
 - aðferðir til að undirbúa jarðveg undir gróðursetningu
 - aðferðum við gróðursetningu (vélarafli eða handafli)
 - greina fá tegundavali og þéttleika við gróðursetningu
 - hvernig áburði verður háttað og tegund áburðar
 - lýsa líklegum áhrifum á ásynd með tilliti til flokkunar og kortlagningar landslagsgerða á Íslandi
 - greina frá núverandi landnotkun, verndun og öðrum takmörkunum
 - greina frá flokkun landbúnaðarlands, ef gróðursett er á landbúnaðarlandi
 - skógræktaráætlun þar sem fylgir mat á eldhættu ásamt viðbrögðum og mótvægisáðgerðum
- Efnistaka**
Huga skal að skynsamlegri nýtingu jarðefna, sem eru takmörkuð auðlind. Á sama tíma þarf að tryggja nægilegt framboð af jarðefnum til viðhalds og uppbyggingar.

Nokkuð er um ófrágengin efnistökusvæði í sveitarfélaginu. Bæta þarf frágang á svæðum þegar langt liður á milli efnistöku. Ganga þarf frá efnistökusvæðum að efnistöku lokinni með það í huga að frágangur þeirra verði endanlegur því langur tími getur liðið þar til frekari efnistaka verður. Efnistöku- og losunarsvæðum sem ekki verða nýtt frekar skal ganga frá eins fljótt og hægt er, jafna svæði við aðliggjandi land og umhverfi. Við sáningu og uppgræðslu ætti staðargróður að vera fyrsta val og ætti ekki að planta framandi ágengum plöntutegundum.

Í töflu 2.1 er farið nánar í markmið og leiðir til að ná þeim markmiðum.

Tafla 2.1 Markmið og leiðir að markmiðum fyrir viðfangsefni sem heyra undir umhverfið og auðlindir.

Umhverfi og auðlindir: Stutt við sjálfbærni og virkni vistkerfa		
Gengið er um náttúruna af virðingu og auðlindir eru nýttar með sjálfbærum hætti. Virðing er borin fyrir sögunni og arfleiðinni.		
Viðfangsefni	Markmið	Leiðir að markmiðum
Gróður, votlendi, vistkerfi	Forðast verði eins og kostur er að skerða frekar votlendi, birkiskóga og önnur lykilvistkerfi Íslands.	Sett eru ákvæði um varðveislu votlendis fyrir viðeigandi landnotkunarflokkum. > Sjá kafla um landbúnaðarsvæði (L) , opin svæði (OP) og óbyggð svæði (ÓB) .
	Við uppgræðslu skulu markmið sjálfbærrar þróunar höfð að leiðarljósi, m.a. við val á plöntum og trjátegundum til gróðursetningar.	Settir eru ákvæði um val á plöntum og trjátegundum í þeim landnotkunarflokkum þar sem snerta á þessum svæðum. > Sjá kafla um frístundabyggð (F) , landbúnaðarsvæði (L) , opin svæði (OP) , óbyggð svæði (ÓB) og skógrækt og landbúnaðarsvæði (SL)
	Hreindýr halda sig til á heiðum Vopnafjarðar. Nýtingu dýranna er stýrt en vert er að halda truflun þeirra í lágmarki. Forðast skal að raska ró hreindýra á fengi- eða burðartíma.	Sett inn í ákvæði fyrir óbyggð svæði. > Sjá kafla um óbyggð svæði (ÓB) .

Umhverfi og auðlindir: Stutt við sjálfbærni og virkni vistkerfa		
Landslag	Huga skal að einstakri ásynd lands í Vopnafirði þar sem breiðir dalir ganga upp úr firðinum og jökulsrofnir hryggir skilja þá að. Þá er áberandi fjallasýn til Smjörfjalla og Fagradalsfjalla.	Frekari vegagerð er ekki leyfileg um óbyggð svæði, sér í lagi um heiðarnar. Núverandi slóðar verði nýttir áfram og skoðað hvort lokaðir slóðar henti til útivistar, göngu, hjóla eða sem reiðleiðir. > Sjá kafla um óbyggð svæði (ÓB) .
	Ný mannvirki taki mið af staðháttum, falli vel að landi og gætt sé að ásynd að þeim.	Almennt er ekki gert ráð fyrir mannvirkjagerð á óbyggðum svæðum og sett eru ákvæði um verndun víðerna og ásyndar. Þá eru sett ákvæði um að ný mannvirki skulu falla vel að landi. > Sjá kafla um frístundabyggð (F) , landbúnaðarsvæði (L) , opin svæði (OP) , óbyggð svæði (ÓB)
Dregið úr losun	Leitað verði leiða til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í sveitarfélaginu.	Hægt er að draga úr losun með stuðningi við orkuskipti í samgöngum og ef hægt er að draga úr notkun olíu til raforkuframleiðslu. Aðalskipulag getur ekki tryggt næga afhendingu raforku til sveitarfélagsins en settir sérskilmálar varðandi orkuvinnslu og gert er ráð fyrir innviðum til orkuskipta á hafnarsvæðum. > Sjá kafla um hafnir (H) og kafla 6.3
Kolefnisbinding	Leitað verði leiða til að auka bindingu gróðurhúsalofttegunda í sveitarfélaginu.	Sett eru ákvæði vegna stórtækra skógræktaráforma til kolefnisbindingar sem ætlað er að draga úr neikvæðum áhrifum. Sett eru ákvæði um skynsamlega stýringu búfjárbæitar á óbyggðum svæðum til að styðja við jákvæða gróðurframvindu. Á skipulagstímanum verði ráðist í kortlagningu á möguleikum til endurheimt votlendis í samræmi við bestu þekkingu. > Sjá kafla um óbyggð svæði (ÓB) og skógrækt og landbúnaðarsvæði (SL)
Aðlögun að loftslagsbreytingum	Undirbúa sveitarfélagið undir hraðari breytingar í veðurfari vegna loftslagsbreytinga.	Á skipulagstímanum verði unnin nánari áhættugreiningu vegna breytinga í loftslagi og áhrifa af þeim. Þá stefnir sveitarfélagið að því að setja sér loftslagstefnu. Styðjast má við umfjöllun loftslagsvá í forsendu- og umhverfisskýrslu. > Sjá kafla 1.9 í forsendu- og umhverfisskýrslu
Skógrækt	Ýmis tækifæri eru til staðar í skógrækt í Vopnafirði, sér í lagi ef horft til möguleika á samlegðaráhrifum með útivist, skjólmyndun og uppgæðslu. Taka þarf tillit til náttúru- og menningarminja eins og kostur er og forðast verði að skerða berjalönd, votlendi og mikilvæg sjónarhorn til kennileita eða fjalla.	Gert er ráð fyrir nytjaskógrækt á landbúnaðarlandi án breytinga á aðalskipulagi. Huga þarf að núverandi nýtingu lands sem fer undir gróðursetningu. > Sjá kafla um landbúnaðarsvæði (L) Gert er ráð fyrir skógrækt á opnum svæðum á forsendum útivistar, skjólmyndunar, landbóta og fegrunar. > Sjá kafla fyrir opin svæði (OP)
Efnistaka	Huga skal að skynsamlegri nýtingu jarðefna, sem eru takmörkuð auðlind. Á sama tíma þarf að tryggja nægilegt framboð af jarðefnum til viðhalds og uppbyggingar.	Sett eru ákvæði fyrir efnistökusvæði, nýtingu og frágang þeirra. > Sjá kafla um efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)

Umhverfi og auðlindir: Stutt við sjálfbærni og virkni vistkerfa		
	Efnistöku- og losunarsvæðum sem ekki verða nýtt frekar skal ganga frá eins fljótt og hægt er, jafna svæði við aðliggjandi land og umhverfi. Bæta þarf frágang á svæðum þegar langt liður á milli efnistöku.	
Orkunýting, orkuvinnsla	Aukin eftirspurn er eftir raforku og fyrirséð að hún muni aukast. Til að auka afhendingaröryggi er eftirsóknarvert að auka raforkuframleiðslu sem næst notendum í sveitarfélaginu. Á sama tíma ber að vernda landslag, takamarka rask á ósnertu landi eins og hægt er og vanda allan frágang við framkvæmdir.	Sveitarfélagið er opið fyrir hugmyndum um frekari orkuöflun í sveitarfélaginu, enda er eftirspurn eftir raforku meiri en framboð í sveitarfélaginu, sem er að auki háð rafmagni til húshitunar. Mikilvægt er að íbúar njóti góðs af arðsemi orkuvinnslu í sveitarfélaginu og umhverfisáhrifum sé haldið í lágmarki. Sett eru sérákvæði um orkuvinnslu og frágang veitu-mannvirkja. > Sjá kafla um veitur og helgunarsvæði (VH) og kafla 6.4
	Sveitarfélögin og landeigendur fórna alla jafna sínum landgæðum fyrir orkuöflun og raforkuflutning. Því er mikilvægt að tekið sé tillit til sjónarmiða sveitarfélagsins og landeigenda.	

2.2. Meginstefna fyrir samfélag

Meginstefna aðalskipulagsins fyrir samfélagsþætti er **að góðum lífsgæðum íbúa sé viðhaldið**. Hér er horft til félagslegrar grunnstoðar í sjálfbærri þróun.

Íbúabyggð og húsnæðismál eru fyrirferðarmikil hér. Stefna í húsnæðismálum til lengri tíma er sett í aðalskipulagi og fylgt eftir með húsnæðisáætlun sem horfir til skemmri tíma. Með réttri nálgun má nýta húsnæðisáætlanir sem tæki sem heldur utan um markmið um uppbyggingu til skemmri tíma og fjármögnun.

Önnur viðfangsefnin sem tilheyra íbúa málaflokknum:

- heilbrigði
- íbúabyggð
- menningarminjar
- miðsvæði
- opin svæði, útivist og íþróttir
- samfélagsþjónusta
- þéttbýlið

Helstu forsendur og markmið

Helsta forsenda fyrir þróun byggðarinnar er mannfjöldaspá og samsetning íbúa. Stór áhrifaþáttur þar er þróun og uppbygging atvinnu á svæðinu. Flestar mannfjöldaspár gera ráð fyrir annaðhvort hóflegri fækkun eða smávægilegri fjölgun íbúa. Til að hafa vaðið fyrir neðan sig er litið til þess að íbúafjöldi haldist stöðugur næstu árin en fari síðan vaxandi á síðari hluta skipulagstímabilsins.

Óháð breytingum í íbúafjölda er æskilegt að auka fjölbreytni í tegund íbúða í Vopnafirði. Þarfir eru að breytast í takt við breytta íbúasamsetningu og fjölskyldugerðir. Sé gert ráð fyrir þessari þróun í skipulagi verður auðveldara að bregðast við aukningu í íbúafjölda og styrkja húsnæðismarkaðinn í leiðinni.

Sveitarfélagið stefnir á að tryggja nægilegt lóðaframboð svo það standi ekki í vegi fyrir húsnæðisuppbyggingu. Með deiliskipulagi þegar byggða hverfa í þéttbýlinu er náð utan um óbyggðar lóðir og haldið í yfirbragð hverfanna.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi hækkan meðalaldurs íbúa í takti við þróunina á landi öllu. Með því að fjölga íbúðum í göngufæri við hjúkrunarheimlið og heilsugæsluna er hægt að bjóða upp á aukin lífsgæði fyrir eldri íbúa sveitarfélagsins, sem vilja og geta búið áfram í eigin húsnæði.

Með nýsamþykktu deiliskipulagi miðsvæðisins í Vopnafjarðarkauptúni er hægt að styrkja frekar miðkjarna byggðarinnar og heildaryfirbragð

byggðarinnar. Skipulagið byggir á tillögu að verndarsvæði í byggð sem miðar að því að bjóða upp á aðlagandi umhverfi sem byggir á menningu og sögu þess. Þannig geti miðbærinn orðið aðdráttarafl fyrir gesti og íbúa þar sem lesa má sögu bæjarins í umhverfið, sækja verslun og helstu þjónustu.

Í samræmi góð lífsgæði þarf að vera aðstaða í sveitarfélaginu fyrir útivist og íþróttir. Góðar gönguleiðir og tengsl kaupsinsins við náttúruna hvetja til hreyfingar og útiveru. Styrkja má stígakerfi á Tanganum með því að tengja saman ólík útivistarsvæði, þar á meðal Sandvík, Skógarlón og skógræktarsvæðin. Sama má segja um íþróttasvæðið efst á Tanganum, hesthúshverfið og golfvöllinn.

Hlúa þarf að sögu og menningu sveitarfélagsins og því mikilvægt að ný mannvirki taki mið af arfleið, landslagi og staðhættum. Því er mikilvægt að gefa sögunni gaum í áætlanir og huga tímanlega að fornleifaskráningu. Góð heildarmynd er til af sögu sveitarfélagsins og ekki talin þörf á frekari skráningu fyrir aðalskipulagið. Það kemur þó ekki í stað fornleifaskráningar fyrir nýframkvæmdir og deiliskipulagsgerð.

Tafla 2.2 Markmið og leiðir að markmiðum fyrir viðfangsefni sem heyra undir samfélag

Samfélag: Góðum lífsgæðum íbúa viðhaldið		
Á Vopnafirði er góð þjónusta við íbúa alla ævina. Gott framboð af fjölbreyttu húsnæði fyrir íbúa og starfsemi. Virðing er borin fyrir sögunni og arfleiddinni.		
Viðfangsefni	Markmið	Leiðir að markmiðum
Húsnæðismál, íbúar og íbúðir	Tryggja fjölbreyttar gerðir íbúða í takt við eftirspurn hverju sinni.	Húsnæðisáætlun dragi fram þarfir og eftirspurn hverju sinni. Áætlunin verði nýtt við vinnu deiliskipulags á íbúðasvæðum. Aðalskipulag gerir ráð fyrir fjölbreyttum stærðum íbúða á íbúðasvæðum. > Sjá kafla um íbúðabyggð (ÍB)
	Nægilegt lóðaframboð sé til staðar svo það standi ekki á sveitarfélaginu að hefja byggingu nýrra íbúða.	Koma lausum lóðum í skipulag. Vinna er hafin við deiliskipulag íbúðahverfa í þéttbýlinu. Aðalskipulag geri ráð fyrir hóflegri stækkun íbúðahverfa og skoðaðir voru fleiri valkostir sem mögulega má nýta seinna meir, ef forsendur breytast. > Sjá íbúðabyggð (ÍB) og umfjöllun um valkosti í forsendu- & umhverfisskýrslu.
Byggðamynstur, blöndun byggðar, dreifbýli, þéttbýli	Að byggð falli vel að umhverfi sinu.	Sett eru ákvæði um ásýnd og að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í þéttbýlinu sem og dreifbýli. Mörk hins byggða og óbyggðs lands skulu falla á eðlilegan hátt að staðháttum og landslagi. > Sjá kafla um íbúðabyggð (ÍB) , frístundabyggð (F) og landbúnaðarsvæði (L)
	Að byggðin í Vopnafjarðarkauptúni dreifi ekki úr sér um of svo vegalengdir ýti undir akstur.	Sett eru þéttbýlismörk fyrir Vopnafjarðarkauptún, sem einnig eru vaxtarmörk. > Sjá afmörkun á þéttbýlisupprætti. Lögð er áhersla á þéttingu íbúðahverfa fremur en stofnun nýrra. Þannig megi nýta innviði sem best, s.s. samgöngur, veitu-innviði og samfélagsþjónustu. > Sjá kafla um íbúðabyggð (ÍB)
	Að styrkja miðbæ Vopnfjarðarkauptúns sem miðkjarna.	Svæði undir verslanir, skrifstofur og þjónustu er beint að miðbænum. > Sjá kafla um miðsvæði (M)
	Ný mannvirki í dreifbýli taki mið af arfleidd, landslagi og staðháttum.	Ákvæði sett um að horfa til þegar byggðs umhverfis fyrst, að raska ekki óbyggðu landi að óþörfu. Taka skuli tillit til nærumhverfis og ásýndar. > Sjá kafla um landbúnaðarland (L) , frístundabyggð (F) , afbreytingar og ferðamannasvæði (AF)
Samfélagsþjónusta, skólar og fræðslustarfsemi, heilsugæsla og	Góð þjónusta á efri árum með nægum framboði þjónustuíbúða. Góð þjónusta við eldri borgar sem búa enn í eigin húsnæði sem styrki sjálfstæði og búsetu þeirra.	Gert er ráð fyrir stækkun dvalarheimilisins og fjölgun þjónustuíbúða í næsta nágrenni. > Sjá þéttbýlisupprátt og kafla um samfélagsþjónustu (S)

Samfélag: Góðum lífsgæðum íbúa viðhaldið		
dvalarheimili, slökkvilið og löggæsla, félagasamtök	Íbúar geti sótt alla helstu þjónustu innan sveitarfélagsins, eins og unnt er að veita á svæðisvísu.	Gert er ráð fyrir grunnþjónustu á þéttbýlisupprætti. > Sjá kafla um samfélagsþjónustu (S) og miðsvæði (M) Gert er ráð fyrir félagsheimili á þéttbýlisupprætti, fyrir fjölbreytta notkun tengda menningu og listum. > Sjá þéttbýlisupprátt og kafla um samfélagsþjónustu (S) Opið er fyrir aðstöðu undir starfsemi og rekstur félagasamtaka. > Sjá kafla um samfélagsþjónustu (S) og miðsvæði (M) .
Útivist og íþróttir, heilbrigði, opin svæði	Íbúar njóti góðrar aðstöðu fyrir íþróttir, útivist og daglega hreyfingu í náttúrulega umhverfi. Aðgengi almennings um þéttbýlið sé tryggt með greiðum stíga- og gatnatengingum, sem mæti m.a. þörfum hreyfihamlaða, barna og eldri borgara.	Bæta má aðgengi að íþróttasvæðinu með göngustígum. Þá má tengja útivistarsvæði við þéttbýlið með stígum. Horft er til þess að stigar myndi net gönguleiða og tenginga frá þéttbýlinu og að dreifðari byggð. Bætt er við stofn- og tengistígum á þéttbýlisupprátt. > Sjá þéttbýlisupprátt
Menningarminjar	Vernda og hlúa að menningarminjum og byggðarsögu sveitarfélagsins.	Ákvæði eru sett fyrir framkvæmdir að við undirbúning skuli huga að menningararfi og sögu Vopnafjarðar. Einnig skulu ný mannvirki taki mið af arfleið, landslagi og staðhátum. > Sjá m.a. kafla 6.1

Commented [GÁ1]: Bæta við á upprátt

2.3. Meginstefna fyrir atvinnulíf

Fyrir málaflokka atvinnulífs er megin stefnan að veita svigrúm og styðja við stöndugt atvinnulíf. Hér er horft til efnahags stoðarinnar í sjálfbærri þróun.

Viðfangsefnin sem tilheyra málaflokknum:

- athafna og iðnaðarstarfsemi
- ferðaþjónusta
- landbúnaður
- menning og listir
- nýsköpun
- sjávarútvegur
- verslun og önnur þjónusta

Helstu forsendur og markmið

Í sveitarfélaginu hefur sjávarútvegur vaxið sem grunn atvinnustof síðustu árin. Þá er hér að finna eitt besta landbúnaðarhérað á landinu. Mikilvægt er að þessar grunnstofir hafi rými til að dafna áfram.

Skapa ætti kjöraðstæður eru fyrir smáiðnað, nýsköpun og listir til að blómstra á staðnum. Aukin fjölbreytni eykur sveigjanleika samfélagsins og atvinnulífsins til lengri tíma litið, og eykur seiglu til lengri tíma fyrir áföllum og forsendubrestum.

Vopnafjórður er opin fyrir nýjum tækifærum í smáiðnaði þar sem staðbundnar auðlindir eru nýttar og/eða endurnýttar á vistvænan hátt.

Tækifæri eru til staðar að bæta nýtingu landbúnaðarlands í samræmi við hugmyndir um minni sóun, kolefnisfótspor og matvælaöryggi. Borið hefur verið á því að jarðir í Vopnafirði séu teknar úr búskap og fari jafnvel úr búsetu svo hús og tún standa auð og ónotuð. Ljóst er að slík þróun er ekki sveitarfélaginu til heilla né geti talist góð ráðstöfun á landgæðum. Vonast er til að með flokkun landbúnaðarlands sé hægt að fá skýrari mynd á landgæðum sveitarfélagsins og möguleikum á nýtingu þeirra og viðhalda góðu ræktarlandi. Þá er horft til þess að nytjaskógrækt geti orðið hluti af búkrekstri.

Ýmis tækifæri og nýjar áskoranir fyrir sveitarfélagið felast í fjölgun ferðamanna. Nauðsynlegt er að nýta uppbyggingu í greininni til að styrkja atvinnulíf á Vopnafirði og bæta aðstöðu fyrir ýmsa afþreyingu sem nýtist bæði íbúum og gestum. Tækifæri í

ferðaþjónustu hafa verið skoðuð og færi er á að bæta hótél og gistiþjónustu í sveitarfélaginu. Sveitarfélagið er því opið fyrir hugmyndum í þeim efnum.

Þá er það almennt viðhorf íbúa í dag að tækifæri eru til staðar fyrir auknum fjölda gesta á svæðið þar sem sérkenni og saga staðarins eru virkjuð sem aðdráttarafl.

Atvinnulíf: Veitum svigrúm fyrir stöndugt atvinnulíf		
Fjölbreytt atvinnulíf þar sem góðar aðstæður eru fyrir smáiðnað, nýsköpun og listir til að blómstra.		
Ferðaþjónusta byggir á sérkennum staðarins, friðsældinni að vera úr alfaraleið og nálægðin við heiðarnar.		
Viðfangsefni	Markmið	Leiðir að markmiðum
Nýsköpun og listir	Góð aðstaða sé fyrir vinnu án staðsetningar, smáiðnað, nýsköpun, menningarstarfsemi og listir.	Á miðsvæði er leyfilegt að reka minni skrifstofur og rými til listsköpunar. > Sjá ákvæði fyrir miðsvæði (M) .
	Sveitarfélagið er opið fyrir nýjum hugmyndum um smáiðnað þar sem staðbundnar auðlindir eru nýttar og/eða endurnýttar á vistvænan hátt.	Gert er ráð fyrir nægu athafnaplássi í aðalskipulagi í nálægð við hafnarsvæðið og núverandi iðnaðar- og atvinnusvæði. > Sjá þéttbýlisuppdrátt, athafnsvæði (AT) og iðnaðarsvæði (I) .
Ferðaþjónusta	Bæta þarf aðstöðu fyrir hótél og aðra gististarfsemi.	Gera ráð fyrir hóteli og gistiheimilum í góðu samhengi við miðbæ kaupþúsins og/eða ferðamannastaði. > Sjá þéttbýlisuppdrátt og skilmála fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF) , verslunar- og þjónustusvæði (VP) .
	Stækka tjaldsvæði kaupþúsins og bæta aðstöðu.	Gert er ráð fyrir nýju og stærra tjaldsvæði í kaupþúninu, við Merkistún þar sem góðar tengingar eru við þjónustu í þéttbýlinu og stutt í útivistarsvæði. > Sjá þéttbýlisuppdrátt og afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF) .
	Styrking miðbæjarins svo hann verði eftirsóttur viðkomustaður innlendra- sem erlendra ferðamanna. Uppbygging á svæðinu taki mið af sögu staðarins.	Uppbyggingu verslunar- og þjónustu í þéttbýlinu er beint að miðbænum og skilmálar byggja á tillögu að verndarsvæði í byggð. > Sjá miðsvæði (M) og hverfisvernd (HV) .
Landbúnaður	Góð nýting og umhirða landbúnaðarlands. Ef til stendur að breyta nýtingu á mjög góðu eða góðu ræktunarland (flokkar I og II) þarf að rökstyðja slíkar ákvarðanir vel. Draga úr ónýttum túnum. Tryggja þarf viðhald ræktunarlands svo það haldi eiginleikum sínum.	Flokkun landbúnaðarlands gefur betra yfirlit um gæði og nýtingarmöguleika lands. Settir eru skilmálar um að gera skuli fyrir hvaða flokki landbúnaðarland tilheyrir fyrir útgáfu framkvæmdarleyfa eða breytinga á nýtingu lands ásamt rökstuðningi. > Sjá þemakort A og skilmála landbúnaðarsvæða (L) .
	Gera þarf ráð fyrir nytjaskógrækt sem hluta af búrekstri.	Skilmálar á landbúnaðarsvæðum gerir ráð fyrir nytjaskógrækt sem hluti af búrekstri sem án sérstakrar afmörkunar og frekari skilyrða. > Sjá skilmála fyrir landbúnaðarsvæði (L) .
Sjávarútvegur, hafnarstarfsemi	Höfninni verði tryggt nægt landrými til þróunar og eflingar á hafnartengdri starfsemi.	Gert er ráð fyrir framtíðar stækkun hafnarsvæðis á uppdrætti. > Sjá þéttbýlisuppdrátt og skilmála fyrir hafnir (H) .
	Aðstaða til frístundasiglinga og smábáta verði eflid í innri höfninni.	Gert er ráð fyrir smábátahöfn á norðursvæði hafnar. > Sjá þéttbýlisuppdrátt og skilmála fyrir norðursvæði í hafnir (H) .
	Samgöngur að og frá hafnarsvæðinu fyrir vöru- og fólksflutninga verði greiðar.	Gert er ráð fyrir hafnarvegi sem tengir saman norður- og miðsvæði hafnarinnar á landi. Umferð þungaflutninga til og frá hafnarsvæðinu færir frá íbúðagötum. > Sjá tengivegi á þéttbýlisuppdraetti.

2.4. Meginstefna fyrir grunnkerfin

Grunnkerfin eru þeir innviðir sem veita grunnþjónustu sem íbúar og atvinnulíf þurfa fyrir daglegt líf eða daglegan rekstur. Þetta eru lífæðar samfélagsins sem halda því gangandi og geta stutt við frekari vöxt eða hamlað honum. Því er mikilvægt að tryggja trausta innviði.

Hér eru viðfangsefnin:

- fjarskipti,
- samgöngur,
- veitur (rafmagn, neysluvatn, hitaveita og fráveita)

Helstu forsendur og markmið

Uppbygging innviða er öllu jafna forsenda fyrir framþróun og uppbyggingu annara þátta, svo sem íbúabyggðar og atvinnusvæða. Því þarf uppbygging innviða að halda í við uppbyggingu atvinnulífs og byggðar.

Horft er til þess að sveitarfélagið sé í góðri stöðu til framtíðaruppbyggingar atvinnulífs og fjölgunar íbúa, og markmiðið er að grunnkerfin styðji við þá þróun.

Landfræðilega er sveitarfélagið lokað af með háum heiðum og Smjörfjöllum. Því gegna vegasamgöngur lykilhlutverki. Megin landleiðin liggur um þjóðveg nr. 85 sem liggur frá Hringvegi nr. 1 á Möðrudalsöræfum um Vopnafjarðarheiði, í Vopnafjörð og þaðan norður eftir ströndinni til Þórshafnar. Til að draga úr óvissu og ófærð vegna veðurs er æskilegt að útbúa aðra tengingu við þjóðveginn með jarðgöngum yfir til Jökuldals. Þá yrði Vopnafjarðarkaupstaður innan ásættanlegrar vegalengdar frá Mið-Austurlandi með tilliti til þjónustusóknar allan ársins hring. Fyrir ferðaþjónustu verður til hringleið frá Héraði um Vopnafjörð og norðausturhornið.

Vopnafjarðarflugvöllur er ekki síður mikilvæg tenging fyrir sveitarfélagið sem þarf að viðhalda, ásamt möguleikum til framtíðar uppbyggingar. Ekki aðeins vegna aukinnar ferðaþjónustu, heldur líka með tilliti til sjúkraflegs.

Viðhalda þarf vörnum við Vopnafjarðarhöfn enda hefur það sýnt sig að varnargarðarnir hafa bætt

hafnaraðstæður til muna. Gera þarf ráð fyrir varnargörðum í aðalskipulagi.

Á heiðum og fjalllendi getur veður og aðstæður breyst hratt. Þá skipta góð fjarskipti öllu máli og þarf að tryggja að skipulag standi ekki í vegi fyrir nauðsynlegri uppbyggingu fjarskiptainnviða.

Miklar breytingar hafa átt sér stað í orkumálum á síðustu árum. Aukinn eftirspurn er eftir orkuöflun með vindmyllum og smávirkjunum. Mikilvægt er að íbúar njóti góðs af arðsemi orkuvinnslu í sveitarfélaginu og umhverfisáhrifum sé haldið í lágmarki. Áfram verði smávirkjanir á lögbýlum til eigin nota leyfilegar án breytinga á aðalskipulagi.

Auknar kröfur og þekking kallar á frekari hreinsun fráveitu. Gera þarf ráð fyrir hreinsi- eða dælustöð fráveitu í kaптúninu, þar sem helstu stórnotendur eru staðsettir.

Auknar árstiðarsveiflur í úrkomu hafa orðið til þess að rennsli úr vatnslindum helmingast eða meira. Þá er leitni til aukinnar eftirspurnar á ferskvatni til lengri tíma litið. Mikilvægt er að tryggja vatnsból og framboð á ferskvatni í sveitarfélaginu. Leitað sé leiða til að vernda núverandi og eldri vatnsból sem hægt er að nýta.

Engin hitavatnssuppspretta er þekkt við byggð í Vopnafirði. Fylgjast þarf með tækniframförum og mögulegum tækifærum til að finna uppsprettu sem nýta má til húshitunar. Þannig megi draga úr raforkuþörf sveitarfélagsins.

Grunnkerfin: Tryggjum trausta innviði		
Traustir innviðir eru forsenda fyrir auknum lífsgæðum íbúa og fjölbreyttu atvinnulífi.		
Viðfangsefni	Markmið	Leiðir að markmiðum
Samgöngur	Traustar samgöngur til landshlutakjarnans, Egilsstaða og á aðra staði	Gert er ráð fyrir jarðgöngum á sveitarfélagsupprætti. Tryggt verði að göngin séu einni á aðalskipulagi Múlapings. > Sjá sveitarfélagsupprátt og kafla 4.20.1 um jarðgöng
	Góðar flugsamgöngur	Svæði afmarkað á skipulagsupprátt fyrir flugbraut og flugvöll með skilmálum. > Sjá kafla um flugvelli (FV)
	Vopnafjarðarhöfn hafi góða og greiða innsiglingu	Á skipulagsupprætti er innsigling og siglingaleið hafnarinnar skilgreint sérstaklega sem sérstök not haf- og vatnssvæða. Gert er ráð fyrir dýpkun og framkvæmdum til að bæta innsiglingu. > Sjá þéttbýlisupprátt og kafla um sérstök not haf- og vatnssvæða (SN)
	Góðar varnir við Vopnafjarðarhöfn	Varnargarðar settir á skipulagsupprátt og ákvæði sem tryggja viðhald og endurbætur. > Sjá þéttbýlisupprátt og kafla um hafnir (H)
	Skipulag standi ekki vegi fyrir uppbyggingu reiðleiða	Á skipulagsupprætti eru allar helstu reiðleiðir sýndar og allar reiðleiðir á skýringarupprætti X . Ekki er gerð krafa um breytingu á aðalskipulagi vegna nýrra reiðleiða ef ákveðin skilyrði eru uppfyllt. Við endurskoðun og uppfærslu aðalskipulags verði nýjum reiðleiðum bætt inn. > Sjá kafla 4.20.3 um reiðleiðir
Fjarskipti	Gott símasamband uppi á heiðum og fjallendi	Sett eru ákvæði sem heimila framkvæmdir og uppbyggingu fjarskiptabúnaðar á óbyggðum svæðum (ÓB) án breytinga á aðalskipulagi. > Sjá kafla um óbyggð svæði (ÓB)
Orkumál	Mikilvægt er að íbúar njóti góðs af arðsemi orkuvinnslu í sveitarfélaginu og umhverfisáhrifum sé haldið í lágmarki Áfram verði smávirðjanir á lögbýlum til eigin nota leyfilegar án breytinga á aðalskipulagi	Settir eru sérstök ákvæði vegna orkuvinnslu. > Sjá kafla 6.3
Fráveita	Gera þarf ráð fyrir hreinsi- eða dælustöð fráveitu á skipulagi	Gert er ráð fyrir hreinsistöð í þéttbýlinu. > Sjá þéttbýlisupprátt, kafla um iðnaðarsvæði (I) og deiliskipulag miðsvæðis
Framboð neysluvatns	Tryggja þar nægilegt neysluvatn allan ársins hring	Virkum vatnsbólum haldi inni í skipulagi. Á skipulagstíma verði leitað leiða til að bæta framboð neysluvatns, t.d. með endurnýjun vatnsbóla og skoða mögulega skiptingu vatnsbóla eftir notendum: íbúar og vinnsla. > Sjá dreifbýlisupprátt og kafla um vatnsból (VB)

Commented [GÁ2]: !!



3. SAMANTEKT UMHVERFISÁHRIFA

Forsendu- og umhverfisskýrsla er fylgigagn aðalskipulagsins. Í skýrslunni er farið yfir grunnástand og forsendur sem stefna og skilmálar aðalskipulagsins byggja á. Að lokum er umhverfismat aðalskipulagsins lagt fram, bæði hvað varðar líkleg áhrif af stefnumótun og ákvæðum aðalskipulagsins en einnig áhrif af breytingum á landnotkun.

Hér er stutt samantekt á helstu niðurstöðum á mati á áhrifum af stefnumótun aðalskipulagsins.

Stefnumótunin fyrir Vopnafjörð leggur áherslu á sjálfbærni, verndun náttúru og bætt lífsgæði íbúa, með jákvæðum áhrifum á flest svið.

Meginstefna fyrir umhverfi og auðlindir

Áhrif eru almennt metin jákvæð. Stefnt er að aukinni bindingu og minni losun gróðurhúsalofttegunda, vernd lykilvistkerfa og sjálfbærri landnýtingu. Sérstök áhersla er á að mannvirki falli að landslagi og arfleifð, að nýta núverandi slóða og forðast rask á óbyggðum svæðum. Strandsvæði eru vernduð og útivistarmöguleikar eflir. Stefna um vatnsvernd helst óbreytt, en ákveðnir hlutar strandlengju njóta sérstakrar verndar.

Meginstefna fyrir samfélag

Markmið eru að viðhalda góðum lífsgæðum. Áhersla er á þéttingu byggðar til að draga úr akstri og losun, fjölbreytt íbúðaframboð og góða þjónustu

	Stefna fyrir umhverfi og auðlindir: Stutt við sjálfbærni og virkni vistkerfa	Stefna fyrir samfélag: Góðum lífsgæðum íbúa viðhaldið	Stefna fyrir atvinnulíf: Veitum svigrúm fyrir stöndugt atvinnulíf	Stefna fyrir grunnkerfin: Tryggjum trausta innviði
Loftslag	+	+	?	?
Lífriki	+	<>	?	?
Landgæði	+	+	?	+
Vatn & fjörur	+	<>	?	+
Íbúar & heilsa	+	+	+	+
Verðmæti & minjar	+	+	+	+
Slys & hamfarir	+	<>	<>	<>
Loftslag	+	+	?	?

innan sveitarfélagsins. Útivist og hreyfing í náttúrulegu umhverfi eru í forgrunni, með greiðum tengingum fyrir alla hópa. Áhrif á lífríki og vatn eru talin óveruleg, en jákvæð áhrif á íbúa, heilsu og menningarverðmæti.

Meginstefna fyrir atvinnulíf

Áhrif á loftslag, lífríki, landgæði og vatn eru óljós og ráðast af nánari útfærslu síðar. Hins vegar eru jákvæð áhrif á atvinnumöguleika, nýsköpun og smáðnað, sem styrkir búsetuskilyrði. Ferðaþjónusta á að byggja á sérkennum svæðisins og vistvænni nýtingu auðlinda.

Meginstefna fyrir grunnkerfin

Áhrif á landgæði, vatn, íbúa og verðmæti eru metin jákvæð. Skilmálar tryggja að mannvirki falli að umhverfi og að frágangur framkvæmda dragi úr neikvæðum áhrifum. Sérstök áhersla er á að vernda strandsvæði og koma í veg fyrir mengun. Áhrif á loftslag og lífríki eru óljós, en stefna styður við uppbyggingu atvinnulífs og verðmætasköpun.

Niðurstaða

Heildarniðurstaðan er að stefnumótunin hafi jákvæð áhrif á flest svið, með áherslu á sjálfbærni, verndun náttúru og bætt lífsgæði íbúa.



4. STEFNA UM LANDNOTKUN

Í samræmi við 6. og 8. kafla skipulagsreglugerðar er sett stefna og skilmálar um landnotkunarreiði.

Afmörkun landnotkunarreiða miðast við meginatriði, svæði og heildir sem dregin eru út frá eigna- og lóðamörkum, miðlínunum gatna, hæðarlínunum, árfarvegum, eldri afmörkunum í aðalskipulagi, og sveitarfélagsmörkum. Afmörkun reiða eru áætluð grófllega í samræmi við stóran skala aðalskipulagsins. Flatarmál landnotkunarreiða er brúttó flatarmál sem gjarnan felur í sér hluta af gatnakerfi og stígum. Í deiliskipulagi skal kveða nánar á um notkun og nýtingu einstakra lóða, og gerð grein fyrir opnum svæðum, leiksvæðum, útivistarsvæðum, gatnakerfi og stígum.

Landnotkun og merking reiða tekur mið af meginnotkun viðkomandi reiðs. Ákveðið svigrúm getur verið fyrir aðra starfsemi innan reiða í samræmi við almenna skilmála og sérskilmála einstakra reiða. Landnotkunarreiðir eru auðkenndir með bókstaf, í samræmi við landnotkun, og númeri til auðkenningar.

Afmörkun landnotkunar skal ekki taka sem nákvæma útfærslu né skilgreiningu á lóða- og eignamörkum. Slíkt skal útfæra nánar í deiliskipulagi. Endanleg lóða- og eignamörk séu hnitsett á lóða- og/eða mæliblöðum.

Landnotkun

- [Afbreytingar- og ferðamannasvæði \(AF\)](#)
- [Athafnasvæði \(AT\)](#)
- [Efnistöku- og efnislosunarsvæði \(E\)](#)
- [Flugvællir \(FV\)](#)
- [Fristundabyggð \(F\)](#)
- [Hafnir \(H\)](#)
- [Lönaðarsvæði \(L\)](#)
- [Íbúðarbyggð \(ÍB\)](#)
- [Íþróttasvæði \(Íþ\)](#)
- [Kirkjugarðar og grafreitir \(K\)](#)
- [Landbúnaðarsvæði \(L\)](#)
- [Miðsvæði \(M\)](#)
- [Opin svæði \(OP\)](#)
- [Óbyggð svæði \(ÓB\)](#)
- [Samfélagsþjónusta \(S\)](#)
- [Sérstök not haf- og vatnssvæða \(SN\)](#)
- [Skógræktar og landgræðslusvæði \(SL\)](#)
- [Strandsvæði \(ST\)](#)
- [Vatnsból \(VB\)](#)
- [Vegir, götur og stígar \(VE\)](#)
- [Veitur og helgunarsvæði \(VH\)](#)
- [Verslun og þjónusta \(VP\)](#)
- [Vötn, ár og sjór \(V\)](#)

Tákn



Auðkenni landnotkunar-reiða byggir á staðsetningu þeirra þar sem talið er frá norð-vesturenda sveitarfélagsins, inn Selárdal, næst inn Vesturárdal og Hofsárdal, svo inn Böðvarsdal og út Kollumúla. Að lokum er talið frá Tangarsporði (Kolbeinstanga) og inn eftir tanganum.



4.1. Afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF)

Svæði fyrir afþreyingu og móttöku ferðafólks, þ.m.t. þjónustumiðstöðvar á hálendi og verndarsvæðum, fjallaskálar, tjald- og hjólhýsasvæði og skemmtigarðar.

Gert er ráð fyrir minniháttar mannvirkjum og innviðum sem tengjast starfsemi og rekstri afþreyingar- og ferðmannastaða, það er bílastæðum, stígum, skiltum, leiksvæðum, salernum og þjónustuhúsum enda falli mannvirki vel að landi, séu lítt áberandi og lítil að umfangi. Hámarksstærð stakra mannvirkja án deiliskipulags eru 30 m² og allt að 4 m hæð.

Númer	Heiti	Lýsing	Sérákvæði	Stærð (ha)
AF-1	Tjaldsvæðið Merkistúni	Nýtt tjaldsvæði á Merkistúni, við Búðaröxl. Nátegt aðliggjandi gönguleiðum og skógrækt.	Allt að tvö hús undir salerni og aðra þjónustu. Hvert hús að hámarki 40 m² og allt að 4 m hæð. Gert er ráð fyrir skjólrækt en halda skal í sjónlínur út á fjörðinn.	3,65
AF-2	Tjaldsvæði Vopnafjarðarkauptúns	Eldra tjaldsvæði. Í brekku ofan við Lónabraut, við hliðina á leikskólanum Brekkubæ.	Eitt hús undir salerni og þjónustuhús, að hámarki 30 m² og allt að 4 m hæð. Gert er ráð fyrir skjólrækt.	0,86
AF-3	Tjaldsvæði að Ásbrandsstöðum	Tjaldsvæði samhliða búrekstri og bændagistingu.	Eitt hús undir salerni og þjónustuhús, að hámarki 80 m² og allt að 4 m hæð. Gert er ráð fyrir skjólrækt.	1,3

4.2. Athafnasvæði (AT)

Svæði fyrir atvinnustarfsemi þar sem lítil hætta er á mengun svo sem léttur iðnaður, hreinleg verkstæði, bílasölur og umboðs- og heildverslanir. Einnig atvinnustarfsemi sem þarfnast mikils rýmis, t.d. vinnusvæði utandyra á lóðum eða starfsemi sem hefur í för með sér þungaflutninga, svo sem vörugeymslur og matvælaíðnaður.

Gert er ráð fyrir mannvirkjum og innviðum sem tengjast starfsemi og rekstri athafnasvæða, þar sem að lóðir bjóða upp á fjölbreytta atvinnu. Hámarksstærð stakra mannvirkja án deiliskipulags eru 30 m² og allt að 4 m hæð. Lögð er áhersla á snyrtilega ásýnd og vandaðan frágang á athafnasvæðum, sérstakalega í nálægð við íbúabyggð og fjölfarin svæði.

Númer	Heiti	Lýsing	Sérákvæði	Stærð (ha)
AT-1	Hafnarsvæði norður	Athafnasvæði ofan við hafnarsvæði norður, geymslusvæði hafnarsvæðisins.	Gert ráð fyrir stækkun svæðisins til norðurs. Stærðir og umfang nýbygginga skal skilgreina í deiliskipulagi.	1,78
AT-2	Búðaröxl norður	Athafnasvæði fyrir léttari og lítt mengandi iðnað s.s. skrifstofur, verkstæði og geymslusvæði vinnuvéla.	Gert ráð fyrir stækkun svæðisins til norðurs í átt að Norðausturvegi. Stærðir og umfang nýbygginga skal skilgreina í deiliskipulagi. Öll starfsemi sem liggur að íþróttasvæði og íbúabyggð skal huga að nálægð við þessi svæði, svo að starfsemi samrýmist búsetu og valdi ekki óþægindum með tilliti til hávaða, lyktar, óþrífnaðar eða mikillar umferðar um íþróttasvæði eða íbúabyggð.	5,20
AT-3	Búðaröxl suður	Áhaldahús, geymslur og slökkvistöð.	Ekki er gert ráð fyrir stækkun.	1,0

4.3. Efnistöku- og efnislosunarsvæði (E)

Svæði þar sem ráðgert er að taka, vinna eða losa jarðefni.
Efnistökusvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er efnistaka eða efnisvinnsla, svo sem malarnám, sandnám, grjótnám, gjallnám eða vikurnám.
Efnislosunarsvæði eru svæði á landi, í sjó, ám eða vötnum þar sem fram fer eða fyrirhuguð er landfylling eða losun jarðefna, sem eru hrein og ómenguð, svo sem jarðefni sem til falla vegna byggingarframkvæmda.

Jarðefni eru takmörkuð auðlind og skal öll nýting taka mið af því. Raska ætti eins litlu landi og hægt er. Afla þarf framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar. Í umsókn um framkvæmdarleyfi til efnistöku og efnislosunar skal fylgja lýsing á framkvæmdinni með hliðsjón af skilmálum í skipulagi viðkomandi efnistökusvæðis. Í gögnum þarf að gera grein fyrir landslagi fyrir og eftir efnistöku/efnislosun, stærð svæðis, vinnsludýpi, magni og gerð efnis sem sótt er leyfi fyrir, vinnslutíma og hvaða yfirborðsefni stendur til að nota til að hindra fok á jarðefnum.

Við skipulagningu á efnistöku skal huga að því að námusvæði falli vel að umhverfi sínu að efnistöku lokinni. Við lok efnistöku skal því ganga frá efnistökusvæðum með það í huga að frágangur þeirra verði endanlegur því langur tími getur liðið þar til frekari efnistaka verður. Efnistökusvæðum sem ekki stendur til að nota aftur skal græða upp með staðargróðri. Staðargróður skal alltaf vera fyrsta val á gróðurþekju og óheimilt er að planta framandi, eða ágengum plöntutegundum.

Huga skal að landmótun raskaðra svæða við frágang efnistökusvæða þannig að þau falli sem best að umhverfi sínu. Markmið landmótunar skal vera að sýnileg ummerki efnistökunnar verði eins lítil og kostur er og hverfi með tímanum. Til að verjast foki skal þekja röskuð svæði eins fljótt og hægt er með gróðri.

Við efnistöku úr ám skal gæta þess að árnar skipti ekki um farveg og/eða auki landrof. Huga skal til þess að laust efni ofan við efnistökusvæði getur farið af stað niður ánnna að lokinni efnistöku. Gæta skal þess að efnistaka valdi sem minnstum breytingum á árfarvegi bæði ofan og neðan við efnistökusvæði. Afla þarf framkvæmdaleyfis Fiskistofu við framkvæmdir 100 m við veiðivötn eða nær, sem áhrif geta haft á lífríki vatnsins eða aðstöðu til veiði samkvæmt lögum nr. 61/2006 um lax- og silungaveiði.

Lágmarka skal neikvæð áhrif á náttúru, menningarminjar, útivistarsvæði eða aðra starfsemi við notkun en einnig vegna frágangs, tímabundinn eða langtímafrágang. Bent er á 13. grein skipulagslaga um framkvæmdarleyfi og málsmeðferð. Sjá einnig ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum og laga um náttúruvernd.

Númer	Heiti	Lýsing	Sérákvæði	Stærð (ha)
E-1	Náma við Hvammsgerði	Setnáma. Forn sjávarkambur. Hálffrágengin. Fastanr. Vegagerðarinnar: 18432. Í notkun.	Heildarefnistaka <50.000 m³	2,71
E-2	Ytri Nýpur	Setnáma. Forn sjávarkambur. Mól og steypumól. Fastanr. Vegagerðarinnar: 20173. Í notkun.	Heildarefnistaka allt að 5000 m³.	1,70
E-3	Fremri Nýpur	Setnáma. Forn sjávarkambur. Hálffrágengin. Fastanr. Vegagerðarinnar: 20156. Í notkun.	Heildarefnistaka <50.000 m³.	0,70

E-4	Straumseyri 2 við Lónið	Setnáma. Forn óseyri. Fastanr. Vegagerðarinnar: 20155. Í notkun.	Ófrágengin, enn í notkun. Heildarefnistaka um 150.000 m ³ .	3,88
E-5	Skógar 2	Setnáma. Forn sjávarkambur. Fastanr. Vegagerðarinnar: 20157. Efnistöku lokið.	Ófrágengin, efnistöku lokið. Leyfilegt að taka efni, allt að 5.000 m ³ þegar áætlun um fullan frágang liggur fyrir.	1,10
E-6	Náma V	Ruðningur. Setnáma. Fastanr. Vegagerðarinnar: 22564	Ófrágengin, enn í notkun. Heildarefnistaka <50.000 m ³ .	0,9
E-7	Náma W	Árhjalli, setnáma. í notkun. Fastanr. Vegagerðarinnar: 22563	Ófrágengin, enn í notkun. Heildarefnistaka <50.000 m ³ .	2,4
E-8	Eyrar í farvegi Þverár, ofan við brú.	Malareyrar í árfarvegi Þverár, ofan við brú á Sunnudalsvegi og neðan við stöðvarhús Þverárvirkjunar.	Efnistaka heimil til að verja brúnnar og veginn í miklum vatnavöxtum. Slík varnarviðbrögð skulu unnin í samstarfi við Vegagerðina. Heildarefnistaka <50.000 m ³ . Gæta skal að halda ástandi vatnshlots góðu til lengri tíma litið.	1,8
E-9	Refstaður	Setnáma. Forn óseyri. Hálfbrágengin. Í notkun.	Ófrágengin, enn í notkun. Heildarefnistaka <50.000 m ³ .	0,5
E-10	Krossavík	Setnáma. Forn sjávarkambur. Fastanr. Vegagerðarinnar: 18508. Í notkun.	Ófrágengin, enn í notkun. Heildarefnistaka <50.000 m ³ .	4,09
E-11	Kolbeinstangi 2. Vestari-Hraungerðisnáma	Storkuberg. Gosberg, eldra en frá nútíma. Grjót sótt þangað í brimgarð. Fastanr. Vegagerðarinnar: 20170. Í notkun.	Ófrágengin, enn í notkun. Heildarefnistaka um 150.000 m ³ .	4,56
E-12	Kolbeinstangi 1	Storkuberg. Gosberg, eldra en frá nútíma. Fastanr. Vegagerðarinnar: 20171.	Ófrágengin, enn í notkun. Heildarefnistaka <50.000 m ³ .	3,01

4.4. Flugvællir (FV)

Tiltekið svæði á láði eða legi, að meðtöldum byggingum, flugbrautum og búnaði sem er ætlað til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri.

Allar landingar loftfara skulu ekki raska vernduðum svæðum eða valda verulegri truflun á náttúru eða lífríki, nema mannslíf séu í húfi.

Heimilt er að lenda loftförum, þar með þylum, utan flugvalla og skilgreindra landingarsvæða sem tímabundna ráðstöfun, með samþykki landeiganda. Ef landingar verða reglulegar eða skipulagðar skal skilgreina landingarsvæði í aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Undanskilin eru neyðarlandingar, sjúkraflug og björgunarflug.

Fyrir flugvælli og önnur landingarsvæði skal huga að skilmálum um hávaðatakmarkanir, fjölda landinga og öryggissvæði. Markmiðið er að tryggja öruggar og umhverfislega ábyrgar landingar loftfara, án þess að trufla daglegt líf íbúa eða dýra.

Númer	Heiti	Lýsing	Sérákvæði	Stærð (ha)
FV-1	Vopnafjarðarflugvöllur	Flugbraut, flugskýli, geymslur og athafnasvæði ásamt flugstöð.	Heimilt áætlunarflug, einkaflug og þyrilulendingar. Uppbygging og viðhald á forsendum flugvallarins leyfileg. Gert er ráð fyrir mótvægisaðgerðum vegna ágangs Hofsfár og sjávar eftir þörfum.	9

4.5. Frístundabyggð (F)

Svæði fyrir frístundahús, tvö eða fleiri og nærpjónustu sem þeim tengist, þ.m.t. orlofshús og varanlega staðsett hjólhýsi. Föst búseta er óheimil í frístundabyggðum.

Æskilegt er að frístundahús standi saman í þyrpingum eða í nágrenni núverandi byggðar til að nýta sem best þau þjónustukerfi sem fyrir eru. Gera skal grein fyrir hættu á gróðureldum í deiliskipulagi ásamt greiðum flóttaleiðum.

Að jafnaði skal skilgreina lóð undir hvert hús. Æskilegt að lóðir séu á bilinu 0,25-1,0 ha með nýtingarhlutfall að jafnaði ekki hærra en 0,03, en við sérstakar aðstæður allt að 0,05.

Við deiliskipulagsgerð frístundabyggðanna skal tekið mið að því að raska ekki viðkvæmum svæðum og að þéttleiki byggðar taki m.a. mið af náttúru og landslagi viðkomandi svæðis. Mikilvægt er að tryggja að frístundabyggðin raski ekki jarðmyndunum og vistkerfum sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Skjólráekt og afmörkun eignalands eða dvalarsvæða með gróðri er heimil.

Gert er ráð fyrir skjólrækt þar sem að innlendur trjágróður og staðargróður er alltaf fyrsti valkostur. Við tegundaval skulu markmið sjálfbærrar þróunar höfð að leiðarljósi, m.a. við val á plöntum og trjátegundum til gróðursetningar.

Númer	Heiti	Lýsing	Sérákvæði	Stærð (ha)
F-1	Þorbrandsstaðir	Óbyggt svæði, ætlað undir frístundabyggð.	Deiliskipuleggja þarf svæðið fyrir úthlutun lóða þar sem þéttleiki, fjöldi og nýting lóða verður ákvarðaður.	93,21

4.6. Hafnir (H)

Svæði fyrir hafnir og hafnarmannvirki þar sem gert er ráð fyrir mannvirkjum og tækjum til móttöku skipa og báta, losunar og lestunar þeirra, geymslu vöru, móttöku og afgreiðslu þessarar vöru til áframhaldandi sjó- eða landflutninga, til móttöku og brottfarar farþega og smábátahafnir.

Gert ráð fyrir ýmiskonar hafnartengdri starfsemi á hafnasvæðum, svo sem þjónustufyrirtækjum fyrir báta, útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækjum, iðnfyrirtækjum og rannsóknarstofnunum tengdum útgerð og vistkerfi hafsins. Einnig er gert ráð fyrir þeim innviðum sem þarf til styðja við starfsemi á hafnarsvæðinu, þar á meðal geymsla á ýmsum orkugjöfum og dreifingu þeirra á skip og báta. Gera skal grein fyrir umfangi allrar starfsemi á hafnarsvæðum í deiliskipulagi.

Hafnarsvæðin í Vopnafirði flokkast sem lágsvæði og skulu land- og gólfkótar fylgja nýjstu viðmiðum Vegagerðarinnar hverju sinni.

Lögð er áhersla á snyrtilega ásýnd og vandaðan frágang á hafnarsvæðum.

Númer	Heiti	Lýsing	Sérákvæði	Stærð (ha)
H-1	Miðhluti hafnarsvæðis	Hafnsækin starfsemi, löndun og lestun. Fiskimjölsværksmiðja, frystigeymslur, iðnaður tengdur verksmiðju og sjávarútgerð. Hafnarkantur og löndunarbryggja.	Gert er ráð fyrir framtíðarstækkun svæðisins til norðurs með landfyllingum við Ásbryggju. Gera skal nánari grein fyrir umfangi og starfsemi í deiliskipulagi.	8,46
H-2	Hafnarsvæði norður	Smábátahöfn og löndunarbryggja.	Gera skal ráð fyrir legu og löndunaraðstöðu fyrir smábáta.	4,18
H-3	Krókalón	Innrigarður, varnargarður norður svæðis. Ver höfnina og hafnarsvæðið fyrir sjógangi.	Varnargarðar og sjávarlón til að verja höfnina fyrir sjógangi. Unnt er að gera óverulegar breytingar á afmörkun varnargarðs við endanlega hönnun mannvirkisins, án þess að breyta aðalskipulagi.	4,97
H-4	Varnargarður hafnar	Varnargarður hafnar milli Miðhólma og Skiphólma. Ver höfnina fyrir sjógangi.	Varnargarðar til að verja höfnina fyrir sjógangi. Unnt er að gera óverulegar breytingar á afmörkun varnargarðs við endanlega hönnun mannvirkisins, án þess að breyta aðalskipulagi.	1,63

4.7. Iðnaðarsvæði (I)

Svæði fyrir umfangsmikla iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ.m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólpælu- og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni.
--

Lögð er áhersla á snyrtilega ásýnd og vandaðan frágang á iðnaðarsvæðum. Sérstakalega í nálægð við íbúabyggð og fjölfarin svæði. Leyfilegt er að nýta skjólrækt og landmótun sem dregur úr sjónrænum áhrifum iðnaðarsvæða.

Númer	Heiti	Lýsing	Sérákvæði	Stærð (ha)
I-1	Þverárvirkjun	6MW vatnsaflsvirkjun. Iðnaðarsvæðið samanstendur af: stíflu, uppistöðulóni, yfirfalli, veituskurðum, þrýstipípu, stöðvarhúsi, frárennslisskurði og vegum.	Vatnsaflsvirkjun með uppsett afl allt að 6MW. Samanstendur af stíflu, uppistöðulóni, yfirfalli, veituskurðum, þrýstipípu, stöðvarhúsi, frárennslisskurði og vegum. Umfang mannvirkjagerðar skal vera samkvæmt deiliskipulagi. Mannvirki skulu falla að umhverfi eins og kostur er. Aurskolanir úr lóni og inntaki fari ekki fram nema í samráði við Veiðifélag Hofsár og Sunnudalsár. Skolun fari fram þegar rennsli og náttúrulegur aurburður er mikill í ánni og á þeim tímum árs sem minnstar líkur eru á því að aukins aurburðar gæti út í Hofsá.	22,56
I-2	Vatnsaflsvirkjun við Refastaði	Vatnsaflsvirkjun, 730 kw virkjun í Selá til eigin nota landeigenda	Vatnsaflsvirkjun með uppsett afl allt að 730 kw. Samanstendur af stíflu, uppistöðulóni, yfirfalli, veituskurðum, þrýstipípu, stöðvarhúsi, frárennslisskurði og vegum. Virkjun til eigin nota landeigenda.	1,0

I-3	Vatnsaflsvirkjun í landi Engihlíðar	Vatnsaflsvirkjun í Haugsá í landi Engihlíðar, 200-300 kw til eign nota landeigenda.	Vatnsaflsvirkjun með uppsett afl allt að 300 kw. Samanstendur af stíflu, uppistöðulóni, yfirfalli, veituskurðum, þrýstipípu, stöðvarhúsi, frárennisskurði og vegum. Virkjun til eign nota landeigenda.	1,0
I-4	Urðunarsvæði við Búðaröxl	Núverandi urðunarsvæði við Búðaröxl.	Unnið verði í samræmi við markmið laga um meðhöndlun úrgangs og markvisst dregið úr urðun úrgangs. Umfang mannvirkjagerðar og starfsemi svæðisins skal vera samkvæmt deiliskipulagi.	7,89
I-5	Íðnaðarsvæði norðan við Hraun	Rafstöð og tengivirki rafveitu. Steypustöð með malarvinnslu og olíublöndun.	Svæðið er ætlað fyrir iðnaðar-, þjónustu-, og/eða geymsluhúsnæði. Þó er ekki gert ráð fyrir starfsemi sem getur haft truflandi áhrif á íbúabyggð í Holtahverfi (IB-1) ofan við svæðið eða íþróttasvæðið (ÍP-2).	9,11
I-6	Móttöku- og flokkunarstöð sorps	Móttöku- og flokkunarstöð sorps við Búðaröxl.	Móttöku- og flokkunarstöð sorps skal vera í samræmi við útgefið starfsleyfi hverju sinni. Gert er ráð fyrir stækkun húsnæðis og geymslusvæðis, allt að tvöföldun. Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Huga skal að nálægð við vatnsveitu.	1,23
I-7	Olíugeymsla og dælustöð fráveitu	Núverandi olíugeymslutankar við hafnarsvæðið ásamt lóð fyrir dælustöð fráveitu.	Gert er ráð fyrir óbreyttri olíugeymslu út skipulagstímann. Ef starfsemi er hætt fyrr er heimilt að rífa eða taka niður oliutanka, öryggissvæði og önnur mannvirki sem tengjast olíugeymslu.	1,2

4.8. Íbúðarbyggð (ÍB)

Svæði fyrir íbúðarhúsnæði og nærþjónustu sem því tengist, auk minniháttar atvinnustarfsemi sem samrýmist búsetu eftir því sem nánar er kveðið á um í stefnu skipulagsins.

Öll svæði undir íbúðabyggð eru í eða við Vopnafjarðarkauptún, eina þéttbýli sveitarfélagsins. Ekki er heimilt að stofna til nýs þéttbýlis.

Í samræmi við stefnu aðalskipulagsins um góða þjónustu við íbúa alla ævi, er horft til þess að minniháttar atvinnu- og menningarstarfsemi er leyfð í íbúðabyggð, svo lengi sem slík starfsemi samrýmist búsetu og valdi ekki óþægindum með tilliti til hávaða, lyktar, óþrifnaðar eða mikillar umferðar.

Fyrir nýbyggingar í þegar byggðum hverfum skal horfa til þess að taka tillit til þeirra byggðar sem fyrir er. Með því er átt við að nýbyggingar falli að núverandi yfirbragði byggðar og hugað séð að menningararfi og sögu Vopnafjarðar.

Gistþjónusta er ekki heimil á íbúasvæðum.

Frekari stækkun íbúðabyggðar taki fyrst mið af því að nýta núverandi innviði sem best, s.s. samgöngur, veitu-innviði og samfélagsþjónustu.

Mörk hins byggða og óbyggða lands skulu falla á eðlilegan hátt að staðháttum og landslagi.

Númer	Heiti	Lýsing	Sérákvæði	Stærð (ha)
ÍB-1	Holtahverfi	Íbúðarbyggð við Búðaröxl. Tækifæri til þéttingar byggðar með skipulagningu óbyggðra svæða.	Sérbýli, allt að tveggja hæða hús. Deiliskipulag í gildi. Yfirbragð byggðar skal vera samkvæmt deiliskipulagi.	4,56
ÍB-2	Hamrahlíð	Íbúðarbyggð við Hamrahlíð, Miðbraut og Lónabraut sunnan grunnskóla.		6,98
ÍB-3	Lónabraut og Fagrihjálli	Íbúðarbyggð við enda Lónabraut og Fagrahjálla.	Gert er ráð fyrir stækkun með lengingu gatnanna upp hæðina, sjá ÍB-4.	9,17
ÍB-4	Stækkun Lónabrautar og Fagrahjálla	Framtíðarstækkun íbúðabyggðar með lengingu Lónabrautar og Fagrahjálla.	Deiliskipulag ekki til staðar, umfang og yfirbragð byggðar verður ákvarðað þar. Þéttleiki og húsagerðir taki mið af núverandi byggð.	4,86
ÍB-5	Skálaneshverfi	Íbúðarbyggð syðst í þéttbýlinu. Tækifæri til þéttingar byggðar með skipulagningu óbyggðra svæða.	Sérbýli og fjölbýli. Umfang og yfirbragð byggðar skal vera samkvæmt deiliskipulagi.	7,72
ÍB-6	Skálar	Sérbýli.	Íbúðarhús syðst í þéttbýlinu. Tækifæri til þéttingar byggðar með skipulagningu óbyggðra svæða.	0,3
ÍB-7	Grund	Sérbýli	Íbúðarhús Grund 1 og 2 , nyrst í þéttbýlinu.	0,29
ÍB-8	Fagrabrekka	Sérbýli.	Íbúðarhús Fagrabrekka 1 og 2 , nyrst í þéttbýlinu.	0,46

4.9. Íþróttasvæði (ÍÞ)

Svæði fyrir landfreka íþróttaaðstöðu aðra en þá sem þjónar tilteknu hverfi, svo sem skeiðvelli og hesthúsabyggð, akstursíþróttasvæði, skotæfingasvæði, golfvelli og stærri íþróttamiðstöðvar.

Gert er ráð fyrir mannvirkjum og innviðum sem tengjast starfsemi og rekstri íþróttasvæða. Ásamt því er gert ráð fyrir veitingaaðstöðu og verslun tengdri íþróttaviðburðum og starfi íþróttafélaga.

Gert er ráð fyrir skjólrækt. Meiri háttar skógræktarverkefni skal afmarka sérstaklega sem skógræktar og landgræðslusvæði (SL).

Númer	Heiti	Lýsing	Sérákvæði	Stærð (ha)
ÍÞ-1	Skotæfingasvæði við Skógareyri	Skógareyri er hálf gróin malareyri sem liggur út í mitt Skógarlón. Skotæfingasvæðið stendur ofan við eyrina, í um 200 m frá lóninu sjálfu og um 24 m hærra í landi.	Um starfsemina gilda lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Fyrir útgáfu eða endurnýjun leyfa skal tryggja að starfsemin valdi ekki ónæði eða óþægindum. Tryggja skal að mengun berist ekki í jarðveg eða vatn.	5,29

Íþ-2	Íþróttasvæði Vopnafjarðar	Á svæðinu er keppnisvöllur í fótbolta, æfingavellir, blakvöllur, hoppbelgur og folfvöllur.	Gert ráð fyrir hvers konar starfsemi sem tengist íþróttum og íþróttaiðkun, þar á meðal aðstöðu og skipulagðri starfsemi íþróttafélaga. Gert ráð fyrir öllum þeim mannvirkjum sem tengjast starfseminni, s.s. íþróttavöllum, íþróttahöllum, stúkubyggingum, lýsingarbúnaði, líkamsrækt, samkomusölum, félagaadstöðu o.sv.fr. Gert er ráð fyrir veitingaaðstöðu og íþróttavöruverslun tengdri íþróttaviðburðum og starfi íþróttafélaga. Umfang mannvirkjagerðar skal vera samkvæmt deiliskipulagi.	7,39
Íþ-3	Hesthúsahverfið í Vesturárdal	Hesthúsabyggð og athafnasvæði hestamanna.	Gert ráð fyrir hvers konar starfsemi sem tengist íþróttum og íþróttaiðkun, þar á meðal aðstöðu og skipulagðri starfsemi íþróttafélaga. Gert ráð fyrir öllum þeim mannvirkjum sem tengjast starfseminni, s.s. hesthús, skeiðvöllum, reiðhöllum, æfingasvæði, samkomusölum, félagaadstöðu o.sv.fr.	7,50
Íþ-4	Skálavöllur	9 holu golfvöllur.	Gert ráð fyrir öllum þeim mannvirkjum sem tengjast starfseminni þar á meðal aðstöðu og skipulagðri starfsemi íþróttafélaga, s.s. félagshús, áhaldahús, geymslu o.sv.fr.	15,26

4.10. Kirkjugarðar og grafreitir (K)

Svæði fyrir kirkjugarða og grafreiti.				

Gert er ráð fyrir minniháttar geymsluskúrum, að hámarki tvo, allt að 30 m² af stærð og 4 m hæð, og stígum sem tengjast rekstri og umhirðu garða og grafreita.

Númer	Heiti	Lýsing	Sérákvæði	Stærð (ha)
K-1	Vopnafjarðarkirkjugarður	Kirkjugarður.	Gert er ráð fyrir stækkun núverandi garðs til norðurs.	1,77

4.11. Landbúnaðarsvæði (L)

Svæði fyrir landbúnað og mannvirki sem tengjast búrekstrinum, með áherslu á búfænað, matvæla- og fóðurframleiðslu.				

Landbúnaðarsvæði í Vopnafjarðarhreppi er allt land sem liggur neðan 300 m hæðar yfir sjávarmáli og hefur ekki verið ráðstafað til annara nota, svo sem þéttbýli eða önnur byggð svæði eða hafa takmarkaða notkunarmöguleika af náttúrufarslegum ástæðum (t.d. ár og vötn) eða verndarákvæði sem útiloka landbúnað.

Landbúnaðarland hefur verið flokkað gróflega eftir hentugleika til akuryrkju. Gera skal grein fyrir hvaða flokki landbúnaðarland tilheyrir fyrir útgáfu framkvæmdarleyfa eða breytinga á nýtingu lands ásamt rökstuðningi fyrir framkvæmdum eða breytingum. Flokkun landbúnaðarlands miðar við mælikvarðann 1:50.000 og nákvæmni

eftir því. Ef óvissa er um flokkun eða gæði landsins, ætti að leita til sérfræðinga sem geta framkvæmt nákvæmara mat með vettvangsskoðun og kortlagningu jarðvegs. Sjá skýringarkort A með flokkun landbúnaðarlands.

Um flokkana gildir eftirfarandi:

Heiti	Lýsing	Sérákvæði	Stærð (ha)
Landbúnaðarsvæði í flokki 1	Mjög gott ræktunarland, miðað við flokkun vistgerða, hæð yfir sjávarmáli og landhalla.	Leitast skal við að viðhalda mjög góðu ræktunarlandi í nýtingu til matvælaframleiðslu. Forðast ber að skera í sundur tún og akra með annarri notkun. Ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð nema til matvælaframleiðslu. Ekki er gert ráð fyrir skógrækt nema skjólrækt.	1.145,4
Landbúnaðarsvæði í flokki 2	Gott ræktunarland, miðað við flokkun vistgerða, hæð yfir sjávarmáli og landhalla.	Leitast skal við að viðhalda góðu ræktunarlandi í nýtingu til matvælaframleiðslu. Forðast ber að skera í sundur tún og akra með annarri notkun. Ekki er gert ráð fyrir skógrækt nema skjólrækt.	3.441,1
Landbúnaðarsvæði í flokki 3	Sæmilegt ræktunarland, miðað við flokkun vistgerða, hæð yfir sjávarmáli og landhalla.	Blandað landbúnaðarland með sæmilegu ræktarlandi. Gert er ráð fyrir túnrækt, beitolandi, nytjaskógrækt og mannvirkjagerð.	8.775,6
Landbúnaðarsvæði í flokki 4	Lélegt ræktunarland. Land neðan 300 m og hentar ekki til akuryrkju en getur hentað vel til beitar, skógræktar eða fyrir tún.	Annað landbúnaðarlands sem hentar síður til jarðræktar. Gert er ráð fyrir beitolandi, skógrækt og mannvirkjagerð.	40.176,8

Gert er ráð fyrir mannvirkjum á landbúnaðarsvæðum sem tengjast starfseminni en einnig minniháttar mannvirkjum sem teljast sem nauðsynlegir innviðir, svo sem vegna sorphirðu og veitu- og fjarskiptakerfi, enda falli mannvirki vel að landi og séu lítt áberandi. Forðast skal að skera sundur tún og akurlendi með línulegum innviðum s.s. flutningskerfum raforku og vegum. Leitast skal við að fylgja þegar gerðum vegum, slóðum og stígum eins og hægt er.

Merkja skal reið- og gönguleiðir til að stýra umferð frá ræktunarlandi, túnnum og viðkvæmum svæðum.

Gert er ráð fyrir nytjaskógrækt sem hluti af búrekstri sem og skjólbeltarækt án sérstakrar afmörkunar svo fremur að heildarstærð svæða sé undir 200 ha. Gera þarf þá grein fyrir hvaða flokki ræktunarlands er verið að nýta undir skógrækt. Fara þarf varlega í að fórna mjög góðu ræktunarlandi undir nytjaskógrækt. Einnig skal fylgja skilmálum skógræktar og landbúnaðarlands (SL) um upplýsingar sem þurfa að fylgja með umsókn um framkvæmdarleyfi, nema fyrir skjólbeltarækt.

Heimilt er að veita almenna ferðapjónustu á skráðum lögbýlum s.s. ferðapjónustu bænda, gistingu og tilheyrandi þjónustu. Nýta má þann húsakost sem fyrir er á viðkomandi býli fyrir almenna ferðapjónustu með minni háttar viðbótum (<30 m²) og breytingum á mannvirkjum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi. Leyfilegt er að halda úti gistingu fyrir allt að 8 gesti í hverju húsi á lögbýlum án frekari breytinga á aðalskipulagi. Vinna skal deiliskipulag ef hýsa á fleiri en 16 gesti eða ef fleiri en tvö hús eru lögð undir gistiþjónustu eða aðra starfsemi sem tengist ferðapjónustu.

Nýbyggingar skulu nýta sömu heimreið og lögbýli, ekki skal fjölga tengingum við þjóðvegi. Leita þarf samþykkis Vegagerðarinnar fyrir nýjum tengingum við heimreiðar.

Eiganda eða umráðamanni eignarlands er heimil allt að 1.000 m³ efnistaka á þurru landi til eigin nota án útgáfu framkvæmdaleyfis, nema um sé að ræða náttúruverndarsvæði, jarðminjar eða vistkerfi sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum. Bent er á skilmála um efnistöku- og efnislosunarsvæði (E) fyrir útgáfu framkvæmdaleyfa vegna efnistöku.

Ef land á að taka úr landbúnaðarnotum skal:

- Tilgreina flokkun landsins og meta hvort annað, minna hentugt land henti ekki betur.
- Meta áhrif á framtíðarbúskap og tengsl við nærliggjandi landbúnaðarsvæði.
- Gögn skulu sýna að tekið hafi verið tillit til menningarminja, vatnafars, vistkerfa og náttúruverndar, í samræmi við lög og stefnumörkun stjórnvalda.

Gögn vegna leyfisumsóknna skulu sýna fram á að gætt hafi verið að varðveislu menningarminja, vatnafars, bakkagróðurs, jarðmyndana, votlendis og viðkvæmra vistkerfa, samanber lögum um menningarminjar og sérstaka vernd í samræmi við lög um náttúruvernd. Gætt skal að stefnumörkun stjórnvalda um vernd víðerna og ásýndar, eftir því sem við getur átt og skal horfa til laga um stjórn vatnsmála til að komast hjá því að spilla vatnsgæðum og afkomu lífríkis vatna og áa.

Númer	Heiti	Lýsing	Sérákvæði	Stærð (ha)
L-1	Selárdalur og Vopnafjarðarströnd	Eitthvað um mjög gott og gott ræktunarland. Takmarkað undirlendi til frekari ræktunar.	Leitast skal við að viðhalda góðu ræktunarlandi í nýtingu til matvælaframleiðslu og ræktun.	20.716,66
L-2	Vesturárdalur	Nokkuð um mjög gott og gott ræktunarland. Nokkuð um undirlendi til frekari ræktunar.	Leitast skal við að viðhalda góðu ræktunarlandi í nýtingu til matvælaframleiðslu og ræktun.	9.172,71
L-3	Hofsárdalur	Mikið um mjög gott og gott ræktunarland. Mikið undirlendi til frekari ræktunar.	Leitast skal við að viðhalda góðu ræktunarlandi í nýtingu til matvælaframleiðslu og ræktun.	15.951,52
L-4	Böðvarsdalur og Fagridalur	Lítið um gott ræktunarland og engin tún enn í ræktun. Takmarkað undirlendi til frekari ræktunar.		2.088,23
L-5	Leiðarhöfn	Lítið um gott ræktunarland. Takmarkað undirlendi til frekari ræktunar.		23,1

4.12. Miðsvæði (M)

Svæði fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi og stjórnsýslu sem þjónar heilu landsvæði, þéttbýlisstað eða fleiri en einu bæjarhverfi, svo sem verslanir, skrifstofur, þjónustustofnanir, hótél, veitinga- og gistihús, menningarstofnanir og önnur hreinleg atvinnustarfsemi sem talin er samræmast yfirbragði og eðli starfsemi miðsvæðis.

Númer	Heiti	Lýsing	Sérákvæði	Stærð (ha)
M-1	Miðbær Vopnafjarðarkauptúns	Miðbær Vopnafjarðar	Gert ráð fyrir verslunar- og þjónustustarfsemi ásamt stjórnsýslustofnunum sem þjóna íbúum sveitarfélagsins. Einnig er gert ráð fyrir verslunum, skrifstofum, heilbrigðisþjónustu, hótélstarfsemi, veitinga- og gistihúsum, menningarstofnunum, hreinlegum iðnaði og aðstöðu listafólks. Leyfilegt er að fjölga íbúðum í bland við aðra starfsemi í samræmi við hugmyndir um þéttingu byggðar og nálægð íbúa við verslun og þjónustu. Slik fjölgun skal vera í samræmi við núverandi íbúabyggð á svæðinu. Sjá einnig hverfisvernd sem nær yfir meirihluta miðsvæðisins. Ný mannvirki skulu falla vel að staðháttum og virða menningarsöguleg og byggingarlistarsöguleg einkenni byggðarinnar. Staðsetning, stefna, stærð og hlutföll nýrra mannvirkja skulu miða við núverandi byggð.	4,1

4.13. Opin svæði (OP)

Svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stigum og áningarstöðum, auk þjónustu sem veitt er á forsendum útivistar.

Gert er ráð fyrir göngu-, reið- og hjólastígum með útivistargildi án sérstakra merkinga á uppdráttum í aðalskipulagi, ásamt helstu stofnleiðum. Einnig leikvöllum, áningarstöðum, minni háttar aðstöðu fyrir samkomur og skemmtanir. Þá er gert ráð fyrir bílastæðum, salernum og skiltum við vegi og stiga. Gæta skal fyllsta öryggis allra ferðamáta.

Gert er ráð fyrir minniháttar mannvirkjum á opnum svæðum sem tengjast rekstri veitu- og fjarskiptakerfa enda falli mannvirkin vel að landi og séu lítt áberandi.

Hámarksstærð húsa án deiliskipulags er 30 m² og 4 m hæð. Allt að 2 hús leyfileg innan hvers svæðis án deiliskipulags.

Gert er ráð fyrir að opin svæði geti nýst sem úthagi fyrir landbúnað. Skal þá markvisst fylgjast með þoli landsins og leitast við að ofbjóða því ekki.

Skógrækt og landgræðsla er leyfileg innan opinna svæða án sérstakrar afmörkunar, enda sé slík ræktun ætluð til útivistar, skjólmyndunar, landbóta og fegrunar. Sækja skal um framkvæmdarleyfi og skulu gögn vegna leyfisumsókna sýna fram á að gætt hafi verið að varðveislu menningarminja, vatnafars, bakkagróðurs, jarðmyndana, votlendis og viðkvæmra vistkerfa, samanber lögum um menningarmínjar og sérstaka vernd lögum um náttúruvernd. Gætt skal að stefnumörkun stjórnvalda um vernd víðerna og ásýndar, eftir því sem við getur átt.

Númer	Heiti	Lýsing	Sérákvæði	Stærð (ha)
OP-1	Kolbeinstangi	Tanginn er skilgreindur sem útivistarsvæði.	Svæðið er ætlað til almennrar útiveru og náttúruskoðunar.	743,0
OP-2	Sandvik	Sandströnd við ósa Hofsár ásamt svæði neðan vegar, fyrir utan flugvallarsvæðið.	Svæðið er ætlað til útivistar og sjósunds. Leitast verði við að hefta útbreiðslu ágengra tegunda á svæðinu. Skógrækt bönnuð. Aðgerðir til að vernda flugbraut en annað jarðrask ekki leyfilegt Vatnslögn í gegn?	176,56
OP-3	Fagradalsfjöll og Kollumúli	Þekkt svæði fyrir fagurt fjallendi með dalverpum og litríkri strönd. Athyglisverður gróður og fuglalíf.	Svæðið er ætlað til almennrar útiveru og náttúruskoðunar. Eyðibýli eru á svæðinu en ekki er gert ráð fyrir búsetu eða frekari mannvirkjagerð utan viðhaldi göngustíga. Leitast verði við að hefta útbreiðslu ágengra tegunda á svæðinu, enda viðkvæmt fyrir breytingum á náttúrulegri ásjúnd og tegundasamsetningu.	1.889,98
OP-4	Ístjörnin	Mýrlendi. Íshústjörn ofan við Höfða og Kamb. Um langan tíma var þar torfhús með þykkum veggjum og þaki, og í það safnað ís og snjó að vetrinum, sem síðan var seldur til kælingar á fiski í fiskibátum að sumrinu.	Svæðið er ætlað til almennrar útiveru og náttúruskoðunar.	0,77
OP-5	Hafnarströnd	Lítt snortið svæði, klettabelti og fjörur. Gamalt geymslusvæði olíutanka.	Halda skal í náttúrulegt yfirbragð kletta og strandlengju.	0,62
OP-6	Miðhólmi	Skiphólmi og Miðhólmi liggja rétt austan við Vopnafjarðarhöfn. Brimvarnargarður tengir Miðhólma og Skipphólma saman við Kolbeinstanga og mynda skjól fyrir höfnina. Hólmarnir einkennast af lágun gróðri og miklu viðsýni.	Gert ráð fyrir að almennri gönguleið út í hólmana sem fylgja landslaginu eins og hægt er. Notast skal við efnivið sem samsvarar sér vel í umhverfinu. Virða skal fuglalíf á svæðinu og skulu mannaferðir trufla það sem minnst. Leitast verði við að hefta útbreiðslu ágengra tegunda á hólmunum.	0,88
OP-7	Skipphólmi	Skipphólmi og Miðhólmi liggja rétt austan við Vopnafjarðarhöfn. Brimvarnargarður tengir Miðhólma og Skipphólma saman við Kolbeinstanga og mynda skjól fyrir höfnina. Hólmarnir einkennast af lágun gróðri og miklu viðsýni.	Gert ráð fyrir að almennri gönguleið út í hólmana sem fylgja landslaginu eins og hægt er. Notast skal við efnivið sem samsvarar sér vel í umhverfinu. Virða skal fuglalíf á svæðinu og skulu mannaferðir trufla það sem minnst. Leitast verði við að hefta útbreiðslu ágengra tegunda á hólmunum. Á Skipphólma er leyfilegt að reisa eitt fuglaskoðunarhús, við norðurenda hólman þannig að umferð fari sem minnst inn á hann sjálfan. Slíkt mannvirki, skýli eða skúr, skal ekki hafa stærri grunnflöt en 20 m ² og falla vel inn í umhverfi sitt. Notast skal við efnivið sem samsvarar sér vel í því umhverfi sem það er sett inn í.	1,53
OP-8	Lystigarður		Gert ráð fyrir lystigarði eða skrudgarði.	8,85

4.14. Óbyggð svæði (ÓB)

Svæði þar sem ekki er gert ráð fyrir búsetu né atvinnustarfsemi, svo sem hálendi, heiðar og afréttir. Að mestu án mannvirkja fyrir utan þau sem þjóna útivist, afréttarnotum, öryggismálum og fjarskiptum.

Óbyggð svæði innan sveitarfélagsins miða við stærri sker, óbyggðar eyjar og land ofan 300 m.y.s. Þau eru ætluð sem afrétt, til útivistar og takmarkaðri umferð fólks. Almenn t án mannvirkjagerðar. Ökutæki mega aðeins fara um merkt slóða.

Neyðarskýli, gangnamannakofar, upplýsingaskilti og minniháttar veitumannvirki eru heimil með leyfi sveitarfélagsins, að því gefnu að þau falli vel að umhverfinu og haldi ásýnd svæðisins sem næst óbreytt. Leyfisumsóknir skulu sýna fram á verndun víðerna, menningarminja, vatnafars og vistkerfa í samræmi við lög.

Hægt er að reisa fjarskiptamöstur, allt að 20 m há, og allt að 20 m² aðstöðuhúsi ásamt lögnum og vegum, að því gefnu að þau falli vel að umhverfinu og haldi ásýnd svæðisins sem næst óbreytt. Fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis verður hvert tilfelli skoðað fyrir sig og skulu leyfisumsóknir sýna fram á verndun víðerna, menningarminja, vatnafars og vistkerfa í samræmi við lög.

Vernda skal víðerni, heiðar og lykilvistkerfi eins og votlendi og birkiskóga. Leitast skal við að draga úr frekari raski á viðkvæmum svæðum. Ekki má gróðursetja tré ofar en 400 m.y.s. né sá út ágengum tegundum. Leyfilegt er að græða upp ógróið land með staðargróðri, en gróðureyðing er aðeins heimil til að hefta ágengar tegundir eða vegna viðhalds á mannvirkjum.

Lögð er áhersla á sjálfbæra þróun, með vöktun á þoli lands vegna ferðamanna og búfjár og leitast við að ofbjóða því ekki.

Forðast skal að raska ró hreindýra á fengi- eða burðartíma.

Númer	Heiti	Lýsing	Sérákvæði	Stærð (ha)
ÓB-1	Óbyggð fjallendi og heiðar	Óbyggð fjallendi og heiðar	Gert er ráð fyrir hlunnindanýtingu landeigenda, afréttum og almennri útiveru fólks. Ekki gert ráð fyrir mannvirkjagerð nema neyðarskýlum, gagnamannakofum,	134.235,3
ÓB-2	Eyjar og sker	Eyjar og sker	Gert er ráð fyrir hlunnindanýtingu landeigenda.	6,0
ÓB-3	Bjarnarey og sker	Viti og eyðibýli, menningarminjar.	Frekari mannvirkjagerð óheimil nema til að verja núverandi minjar. Sjá einnig verndarákvæði, önnur náttúruvernd (ÖN).,	12,5
ÓB-4	Fýlasker	Sjófuglabýggð	Framkvæmdir og umferð sem geta raskað fuglalífi eru óheimilar á varptíma	0,1

4.15. Samfélagsþjónusta (S)

Svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, heilbrigðisstofnanir, menningarstofnanir, félagslegar stofnanir, trúarstofnanir og aðrar þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga eða annarra aðila.

Þessi svæði eru eingöngu fyrir stofnanir og fyrirtæki, sem óháð eignaraðild, veita almenna þjónustu við samfélagið. Ekki er gert ráð fyrir annarri atvinnustarfsemi. Gert er ráð fyrir dvalarheimilum ásamt þjónustuíbúðum í innan við 200 m gönguþjarlægðar.

Ný mannvirkja skulu falla vel að staðhættum og virða menningarsöguleg og byggingarlístarsöguleg einkenni byggðarinnar. Staðsetning, stefna, stærð og hlutföll nýrra mannvirkja skulu miða við núverandi byggð.

Númer	Heiti	Lýsing	Sérákvæði	Stærð (ha)
S-1	Selárlaug	Sundlaugin í Selárdal.		0,9
S-2	Hofskirkja	Hofskirkja og Hofskirkjugarður.		1,02
S-3	Bjarneyjarviti	Bjarneyjarviti, byggður árið 1917, endurbyggður 1946.		-
S-4	Kolbeinstangaviti	Kolbeinstangaviti, byggður árið 1942. Kolbeinstangaviti er 19,5 m að hæð og er byggður eftir sömu teikningu og Kálfshamarsviti. Lögum vitans og klæðning gera vitann að kennileiti.		-
S-5	Vopnafjarðarskóli	Grunnskóli, leikskóli, íþróttahús, tónlistarskóli, bókasafn.		2,55
S-6	Mikligarður	Félagsheimilið Mikligarður og skrifstofur sveitarfélagsins.		0,57
S-7	Heilsugæslan og kirkjan	Vopnafjarðarkirkja og sóknarheimili, Sundabúð, heilsugæsla, þjónustuíbúðir og dvalarheimili aldraðra.		1,99

4.16. Sérstök not haf- og vatnssvæða (SN)

<i>Svæði innan netlaga á hafi og vatni þar sem sérstaklega þarf að gera ráð fyrir tilteknum notum, t.d. veiðum, fiskeldi eða siglingaleiðum.</i>
--

Númer	Heiti	Lýsing	Sérákvæði	Stærð (ha)
SN-1	Vopnfjarðarhöfn	Innsigling og siglingaleið hafnarinnar.	Gert er ráð fyrir dýpkun og framkvæmdum til að verja svæðið og hafnarstarfsemi fyrir ágangi sjávar eða bæta innsiglingu.	18,38

4.17. Skógræktar og landgræðslusvæði (SL)

Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgræðslu.

Skógræktarsvæði 200 ha eða stærri skal afmarka á uppdrætti aðalskipulags. Minni svæði þarf ekki að merkja nema þau fari yfir 3,0 ha við endurskoðun aðalskipulags.

Skógrækt er heimil með sérskilmálum á óbyggðum svæðum (ÓB), landbúnaðarsvæðum (L) og opnum svæðum (OP), utan verndarsvæða jarðminja, vistkerfa og menningarminja, í samræmi við lög um náttúruvernd og menningarminjar.

Við val á skógræktarsvæðum skal tryggja að hún falli vel að landi og taki mið af hagsmunum landbúnaðar og útivistar. Forðast skal skerðingu á ræktarlandi, berjalöndum, votlendi og mikilvægum útsýnis- og kennileitapunktum. Landbúnaðarland skal metið við skipulagningu skógræktar.

Landgræðsla og aðgerðir til kolefnisbindingar eru heimilar á öllum svæðum þar sem þær samræmast almennum skilmálum viðkomandi landnotkunarflokks. Ekki er gert ráð fyrir að landgræðslusvæði séu alfarið tekin frá til lengri tíma, nema sérstök verndarákvæði séu sett í skipulag.

Gróðursetning skal fara fram með virðingu fyrir fornleifum, veghelgunarsvæðum, votlendi, vatnsbökkum, náttúrulegu birki og öðrum náttúruvæðingum með fagurfræðilegt eða staðbundið gildi. Staðargróður skal ávallt vera fyrsti valkostur, og sjálfbær þróun höfð að leiðarljósi við val á trjátegundum.

Votlendi, birkiskógar og önnur lykilvistkerfi skulu vernduð eins og kostur er. Skógrækt skal ekki ná nær vatnsbökkum en 30–50 m.

Innan skógræktar- og landgræðslusvæða er gert ráð fyrir vegum, slóðum og útivistaraðstöðu, þar á meðal göngu-, reið- og hjólastígum. Heimilt er að koma fyrir leikvöllum, samkomuáðstöðu, bílastæðum, salernum og skiltum. Mannvirki fyrir veitu- og fjarskiptakerfi eru heimil ef þau falla vel að landi, eru óáberandi og valda ekki hættu.

Mannvirki án deiliskipulags mega ekki fara yfir 30 m² að flatarmáli né 3 m að hæð.

Íbúðarhús eru aðeins leyfð á lögbylum og skulu hafa útfærðar flóttaleiðir við skógarbruna.

Sé farið í skógrækt á svæði sem ekki er skilgreint sem skógræktar og landgræðslusvæði þarf að skila inn, að lágmarki, eftirfarandi upplýsingum með umsókn um framkvæmdarleyfi:

- heildarstærð skógræktarsvæðis/ræktunarreita,
- áætluð stærð úrtaka, það er svæði sem útiloka skógrækt innan ræktunareita, svo sem vötn, ár, votlendi, klappir, klettar, fornleifar eða minjar og helgunarsvæði samanber lögum um menningarminjar, vegalög og sérstaka vernd í lögum um náttúruvernd,
- aðkomu að svæðinu, stígum, slóðum og vegum innan svæðis ásamt efnisþörf fyrir vega- og stigagerð,
- aðferðir til að undirbúa jarðveg undir gróðursetningu,
- aðferðum við gróðursetningu (vélar afl eða handafl),

- greina frá tegundavali og þéttleika við gróðursetningu,
- hvernig áburði verður háttað og tegund áburðar,
- lýsa líklegum áhrifum á ásynd með tilliti til flokkunar og kortlagningar landslagsgerða á Íslandi,
- greina frá núverandi landnotkun, verndun og öðrum takmörkunum,
- greina frá flokkun landbúnaðarlands, ef gróðursett er á landbúnaðarlandi,
- skógræktaráætlun þar sem fylgir mat á eldhættu ásamt viðeigandi viðbrögðum og mótvægisáðgerðum.

Númer	Heiti	Lýsing	Ákvæði	Stærð (ha)
SL-1	Strandhöfn	Skógrækt, fyrst gróðursett árið 2009.	Skjólrækt	38,56
SL-2	Ytri Nýpur	Skógrækt, fyrst gróðursett árið 2005.	Skjólrækt og uppgræðsla lands	53,17
SL-3	Fremri Nýpur	Skógrækt, fyrst gróðursett árið 2001.	Skjólrækt og nytjaskógrækt	59,38
SL-4	Ytri- Hlíð1	Skógrækt	Skjólrækt	2,47
SL-6	Hauksstaðir	Skógrækt, fyrst gróðursett árið 2010.	Skjólrækt og uppgræðsla lands	40,06
SL-7	Bustarfellsskógur	Skógrækt og náttúrleg birki	Náttúrulegur birkiskógur ásamt skógrækt til landgræðslu	405,29
SL-8	Þorbrandstaðir, náttúrulegur birkiskógur	Náttúrulegur birkiskógur	Náttúrulegur birkiskógur	14,48
SL-9	Þorbrandstaðir	Skógræktarsvæði í landi Þorbrandsstaða.	Skjólrækt og uppgræðsla lands	73,27
SL-10	Sunnudaldá	Náttúrulegur birkiskógur, áætlaður um 30- 60 ára gamall.	Náttúrulegur birkiskógur	126,55
SL-11	Hof í Vopnafirði	Skógrækt fyrir ofan og við Hofskirkju, fyrst gróðursett 1954.	Skjólrækt	4,52
SL-12	Hagi	Skógrækt, fyrst gróðursett árið 2009.	Skjólrækt og uppgræðsla lands	38,44
SL-13	Tangaskógar	Skógrækt við Skógarlón og á fyrrum urðunarsvæði.	Skjólrækt á útivistarsvæði	70,27
SL-14	Merkistún	Skógrækt í tengslum við útivistarstiga, tjaldsvæðið á Merkistúni og golfvöll.	Skjólrækt á útivistarsvæði	23,21
SL-15	Böðvarsdalur	Náttúrulegur birkiskógur, áætlaður um 30- 60 ára gamall., áætlaður um 30- 60 ára gamall.	Skjólrækt á útivistarsvæði	233,16
SL-16	Vatnsdalsgerði	Skógrækt, fyrst gróðursett 2014.	Skjólrækt	135,76

4.18. Strandsvæði (ST)

Svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki.				
--	--	--	--	--

Almennt er ekki gert ráð fyrir neinum mannvirkjum innan strandsvæða fyrir utan skólpælu- og hreinsistöðvar eða önnur veitumannvirki. Framkvæmdir og frágangur skal þá miða af því að draga úr hættu á mengun strandsvæða og sjávar. Hönnun og frágangur mannvirkja skal falla vel að umhverfinu og ekki valda mengun eða óþægindum.

Gæta skal að sérstakri vernd sjávarfítja og leira samkvæmt lögum um náttúruvernd.

Númer	Heiti	Lýsing	Sérákvæði	Stærð (ha)
ST-1	Strandlengja Vopnafjarðar	Helstu einkenni strandlengju Vopnafjarðar er brött og hvöss klettabelti með einstaka sandfjörum og litlum víkum inni á milli.	Vernda skal náttúrulegt landslag, líffræðilega fjölbreytni og menningarlegt gildi strandlengjunnar, með áherslu á sjálfbæra nýtingu og aðgengi almennings. Ekki má spilla búsvæði fugla, selalátrum eða gróðri sem finnst á fjörum og sjávarfítjum nema brýna nauðsyn beri til og sýnt sé fram á að ekki sé unnt að ná markmiðum framkvæmdar með öðrum hætti sem hefur minni áhrif á náttúruna.	937,91
ST-2	Skógar- og Nýpslón	Helstu einkenni strandlengju við lónin eru láglandi og aflíðandi brekkur upp á heiðar, sandstrendur næst lónunum.	Lónin njóti verndunar fyrir fjölskrúðugt dýralíf við sérstæð skilyrði. Hlúa skal að fuglalífi og vistkerfi votlendis við Nýpslón og Skógalón, tryggja sjálfbæra nýtingu svæðisins og stuðla að náttúruskoðun og fræðslu. Framkvæmdir og umferð sem geta raskað fuglalífi eru óheimilar á varptíma fugla.	184,54
ST-3	Fylasker	Sjófuglabýggð.	Framkvæmdir og umferð sem geta raskað fuglalífi eru óheimilar á varptíma.	5,36
ST-4	Bjarnarey	Bjarnarey og aðliggjandi sker. Selalátur. Alþjóðlega mikilvæg sjófuglabýggð, stærri en 10.000 pör. Lundavarp og æðarfugl.	Tryggja þarf vernd Bjarnareyjar sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði (IBA) með áherslu á verndun lunda og æðarfugls, sem verpa í eyjunni í verulegum mæli. Framkvæmdir og umferð sem geta raskað fuglalífi eru óheimilar á varptíma (maí–ágúst).	44,17
ST-5	Hafnarströnd	Lítt snortið svæði, klettabelti og fjörur. Svæði sem lokast af vegna væntanlegs tengivegar hafnarsvæða.	Halda skal í náttúrulegt yfirbragð svæðisins með því að halda vegstæði frá strandlengju eins og unnt er.	0,35

4.19. Vatnsból (VB)

Svæði fyrir vatnsöflun, það er brunnsvæði vatnsverndar.

Vatnsból, eða brunnsvæði, er í næsta nágrenni vatnstökustaðar. Svæðið er algjörlega friðað fyrir óviðkomandi umferð, framkvæmdum og starfsemi nema á vegum vatnsveitu. Brunnsvæðin skulu vera girt gripa- og mannheldri girðingu, minnst 5 metra frá brunni/vatnsbóli. Vatnsból njóta verndunar sem afmörkuð eru á skipulagsuppráttum sem vatnsvernd: fjarsvæði (VF) og grannsvæði (VG). Sjá nánar í kafla 5.4 hér aftar.

Vopnafjarðarhreppur er hluti af vatnasvæði Norðurlandi eystra. 69 vatnshlot hafa verið skrá í sveitarfélaginu.

Númer	Heiti	Lýsing	Sérákvæði	Stærð (ha)
VB-1	Torfastaðir	Eldra vatnsból í landi Torfastaða.	Gert er ráð fyrir endurnýjun og viðhaldi.	0,28
VB-2	Ytri Hlíð	Vatnsból vegna gistirýma.	Gert er ráð fyrir endurnýjun og viðhaldi.	0,28
VB-3	Svinabakkahlaup	Vatnslind í Svinabakkahlaupi.	Gert er ráð fyrir endurnýjun og viðhaldi.	3,52 (2,18 +1,34)

4.20. Vegir, götur og stígar (VE)

Vegir, götur, helstu göngu-, reið- og hjólastigar og tengd mannvirki þ.m.t. mislæg gatnamót, undirgöng og göngubrýr og helgunarsvæði þeirra, svo sem stofn- og tengibrautir í þéttbýli og stofn- og tengivegir utan þéttbýlis.

4.20.1. Jarðgöng

Gert er ráð fyrir Vopnafjarðargöngum undir Hellisheiði, sem ný vegtenging milli Héraðs og Vopnafjarðar. Sjá fyrirhugaða veglínu á dreifbýlisupprætti. Fullnaðar hönnun ganganna er ekki lokið og því gæti veglína þeirra tekið breytingum.

4.20.2. Stofnvegir

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir tveimur stofnvegum sem tengja sveitarfélagið á þremur stöðum, Norðausturvegur (vegnúmer 85) og Hlíðarvegur (vegnúmer 917). Gert er ráð fyrir bundnu slitlagi á stofnvegum.

Norðausturvegur tengir í dag sveitarfélagið frá Hringvegi nr. 1 á Möðrudalsöræfum um Vopnafjarðarheiði, í Vopnafjörð og þaðan norður eftir ströndinni til Þórshafnar. Vegurinn telst í dag frágenginn.

Hlíðarvegur liggur í dag frá höfninni í Vopnafjarðarkauptúni og austur yfir í Hérað um nýja vegtengingu um Vopnafjarðargöng. Gert er ráð fyrir breyttum og nýjum hluta vegarins um Böðvarsdal þegar göng undir Hellisheiði eru kláruð, á síðari hluta skipulagstímans.

4.20.3. Tengivegir

Tengivegir eru vegir utan þéttbýlis sem liggja af stofnvegi byggðarinnar. Helstu tengivegir eru Strandhafnarvegur, Skógarvegur, Hofsárdalsvegur og Sunnudalsvegur. Þá er gert ráð fyrir að núverandi vegur yfir Helliðsheiði verður tengivegur þegar Vopnafjarðargöng verða opnuð. Lega tengivega á uppdrætti aðalskipulags eru bindandi.

4.20.4. Aðrir vegir

Aðrir vegir geta verið sýndir á uppdrætti aðalskipulags til skýringar. Það á við um héraðsvegi sem liggja að býlum, atvinnustarfsemi, kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum utan þéttbýlis. Lega þeirra á uppdrætti er ekki bindandi.

4.20.5. Vegslóðar

Ef vegslóði er talinn óþarfur skal loka honum og ganga frá með því að notast við efni af staðnum og staðargróður látn græða sárin. Á melum og ógrónum svæðum skal jafna land svo líkast því sem fyrir er. Markmiðið er svæði eftir aflagða vegi taki á sig mynd aðliggjandi svæða.

4.20.6. Reiðleiðir

Gert er ráð fyrir að merkja inn meginreiðleiðir, þ.e. stofn- og þéttbýlisleiðir og undirgöng vegna þeirra, inn á aðalskipulagsuppdrátt. Þær reiðleiðir sem liggja upp á heiðar og út fyrir sveitarfélagsmörk eru merkt sérstaklega á uppdrátt. Um áningarstaði gildir ríkjandi landnotkunarflokkur þess svæðis en alla jafna er heimilt að útbúa áningarstaði á opin svæði (OP) og óbyggð svæði (ÓB) án sérstakra ráðstafana í aðalskipulagi.

Ekki er þörf á að færa allar nýjar reiðleiðir og reiðstíga inn á aðalskipulag ef þær uppfylla eftirfarandi:

- Leiðir liggja um landnotkunarsvæði sem eru almennt ætluð til útivistar,
- Áhrif á gróðurfar, jarðminjar og eru óveruleg svo vistkerfi geti viðhaldið sér,
- Þverun áa og vatna sé með skynsömum hætti svo vistkerfi geti viðhaldið sér,
- Leiðir og stígar skeri ekki sundur tún eða gott ræktunarland.

4.21. Veitur og helgunarsvæði (VH)

Veitur, svo sem vatnsveita, hitaveita, rafveita, fjarskiptalagnir- og mannvirki, fráveita og helgunarsvæði þeirra, þegar það á við.

Á skipulagsuppdráttum skal sýna í megin dráttum stofnkerfi vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu, fjarskipta og fráveitu og helgunarsvæði þeirra, ofan jarðar og neðan. Með stofnkerfi er átt við flutningskerfi frá upptökum að dreifikerfi.

Lega stofnkerfa í aðalskipulagi er ekki bindandi en skal vera leiðbeinandi.

Ekki þarf að breyta legu á uppdrætti við nýlagnir ef frávik frá leið eru óveruleg, samanborið við skala skipulagsuppdrátta og ef umhverfisáhrif eru óveruleg.

Tryggja skal aðgengi að veitumannvirkjum vegna eftirlits og viðhalds.

4.21.1. Vatnsveita

Flutningslagnir og innviðir undir kalt neysluvatn. Öllu jafna skal leitast eftir að neyslulagnir liggi neðanjarðar.

Númer	Heiti	Lýsing	Sérákvæði	Stærð (ha)
VH-1	Vatnstankar	Veitustöð og birgðatankar neysluvatns.		0,25

4.21.2. Hitaveita

Flutningslagnir heits neysluvatns. Öllu jafna skal leitast eftir að neyslulagnir liggi neðanjarðar.

Leyfilegt er að ráðast í vatnsóflun og borholur á öllum svæðum svo fremur að engin verndarákvæði eða takmarkanir á landnotkun gilda.

4.21.3. Fráveita

Flutningslagnir skólps og regnvatns. Horfa skal til að leysa afrennsli regnvatns ofan jarðar eftir því sem unnt er.

Öll fráveita skal vera samkvæmt reglugerð um fráveitur og skólp.

4.21.4. Rafveita

Flutningskerfi raforku. Á skipulagsuppdráttum eru sýndir tveir rafstrengir: Vopnafjarðarlína 1 og tengilína Þverárvirkjunar.

Vopnafjarðarlína 1 liggur frá sveitarfélagsmörkum á Helliðsheiði, frá Lagarfossstöð í Héraði að tengivirki á Kolbeinstanga.

Tengilína Þverárvirkjunar er jarðstrengur sem liggur frá stöðvarhúsi virkjunarinnar að tengivirki á Kolbeinstanga.

Óheimilt er að reisa mannvirki innan helgunarsvæðis háspennulína. Helgunarsvæði eru mismunandi að stærð eftir aðstæðum á hverjum stað, leita skal til rekstraraðila flutningskerfis ef vafi leikur á helgunarsvæði. Tryggja þarf gott aðgengi að línumannvirkjum til þess að sinna viðhaldi og viðgerðum óhindrað.

Við framkvæmdir nálægt háspennulínunum skal gæta ýtrustu varúðar og virða reglur um fjarlægðarmörk. Skylt er að fá heimild frá rekstraraðila flutningskerfis áður en vinna hefst nálægt mannvirkjum í rekstri.

Fyrir lagningu loftlína gildir eftirfarandi:

- Leggja skal loftlínur í öruggri fjarlægð yfir jörð, frá gróðri, öðrum línunum, umferðarleiðum og byggingum og skulu fjarlægðir ákvarðast í samræmi við ákvæði reglugerðar um raforkumannvirki.

Fyrir lagningu allra veitulagna neðanjarðar og jarðstrengja gildir eftirfarandi:

- Við lagningu lagna í jörð skal fyrst horfa til þess að leggja um raskað svæði s.s. meðfram vegum og slóðum. Slíkt dregur úr frekara raski og getur einfaldað viðhald eða viðgerðir. Bent er á að framkvæmdir innan veghelgunarsvæða eru háðar leyfi frá Vegagerðinni og skal samþykki liggja fyrir við útgáfu framkvæmdaleyfis. Leita skal umsagna Umhverfisstofnunar og Minjastofnunar Íslands fyrir útgáfu framkvæmdaleyfis lagna eða lína sem ekki eru sýndir á uppdrætti í aðalskipulagi.
- Við framkvæmdir og frágang skal halda til haga svarðlagi og gera ráð fyrir að endurnýta það ofan á skurði eins og hægt er. Þar sem land er gróið skal sá með tegundum í samræmi við núverandi gróður. Jafnframt þarf að gæta þess að frágangur falli vel að landslagi sem fyrir er.

Skilmálar vegna niðurtöku á loftlínunum:

- Við niðurtöku á loftlínunum og möstrum skal horfa til þess að nýta núverandi vegi og vegslóða eins og kostur er til að lágmarka rask á yfirborði. Fylla skal upp í holur og sár eftir sókkla, staura eða möstur.
- Ef vegslóði er talinn óþarfur eftir niðurtöku loftlínu skal loka honum og ganga frá með því að notast við efni af staðnum og staðargróður látinn græða sárin. Á melum og ógrónum svæðum skal jafna land svo líkast því sem fyrir er. Markmiðið er að svæði eftir aflagða vegi taki á sig mynd aðliggjandi svæða.

4.21.5. Fjarskiptalagnir og fjarskiptamannvirki

Mikilvægt er að aðgangur að fjarskiptakerfum sé sem víðast og því eru engar takmarkanir á því hvar mannvirki fyrir fjarskipti eru staðsett, svo fremur að engin verndarákvæði eða önnur takmörkun á landnotkun gildi. Hámarksstærð stakra mannvirkja án deiliskipulags eru 30 m² og allt að 3 m hæð að undanskildari hæð á mastri. Hæð á mastri er ekki sett takmörk ef framkvæmdir eru kynntar íbúum sérstaklega og leitað er umsagna Náttúruverndarstofnunar, Umhverfis- og orkustofnunar og Fjarskiptastofu.

Ávallt skal huga að vönduðum frágangi svo mannvirki falli vel að umhverfi sínu og náttúru.

Öllu jafna skal leitast eftir að fjarskiptalagnir liggi neðanjarðar, enda veldur það almennt ekki verulegri röskun á yfirborði.

Ljósleiðarar og aðrir fjarskiptainnvirðir eru ekki skyldaðir inn aðalskipulagsuppdrætti.

4.22. Verslun og þjónusta (VP)

Svæði þar sem gert er ráð fyrir verslun og þjónustu, þ.m.t. hótélum, gistiheimilum, gistiskálum, veitingahúsum og skemmtistöðum.

Við hönnun á mannvirkjum skal leggja áherslu á að þau falli vel að umhverfi sínu. Nýta skal landhalla og landmótun til að draga úr breyttri ásýnd á landið. Við frágang á yfirborði skal ofanvatn leitt frá mannvirkjum með skurðum þannig að vatn safnist ekki við þau og komist leiðar sinnar áfram niður hlíðina. Notast skal við staðargróður eins og hægt er. Óheimilt er að planta framandi ágengum plöntutegundum.

Númer	Heiti	Lýsing	Sérákvæði	Stærð (ha)
VP-1	Veiðihús Selár	Gisti- og veitingaþjónusta.	Gistirými fyrir allt að 20 manns.	2,1
VP-2	Veiðihús við Vesturdalsá	Gisti- og veitingaþjónusta.	Gistirými fyrir allt að 16 manns.	0,1
VP-3	Ytri Hlíð, veiðihús	Gisti- og veitingaþjónusta.	Gistirými fyrir allt að 16 manns. Hámarksbyggingarmagn samtals 1.400 m². Hámarkshæð bygginga 8,0 m.	4,0
VP-4	Árhvammur veiðihús við Hofsá	Gisti- og veitingaþjónusta.	Gistirými fyrir allt að 14 manns.	1,7
VP-5	Nýtt veiðihús við Hofsá í landi Einarssæða	Gisti- og veitingaþjónusta.	Staðsetning og skilmálar í vinnslu. Áætluð stærð rúmlega 2 ha. Áætlaður fjöldi gistirýma fyrir allt að 25 manns.	2,2
VP-6	Gistiþjónusta ofan við Ás	Gistiheimili og gistipjónusta.	Gistirými fyrir allt að 10 manns.	0,4
VP-7	Hótel á Merkistúni	Hótel á Merkistúni. Ætluð staðsetning fyrir nýtt hótel með gisti- og veitingaþjónustu með áherslu á útsýni yfir Vopnafjörð.	Áætluð stærð rúmlega 1 ha. Áætlaður fjöldi gistirýma fyrir allt að 40 manns.	1,14
VP-8	Bensinstöð við Kolbeinsgötu	Bensinstöð við Kolbeinsgötu. Veitingasala og sala á orku fyrir farartæki. Þjónusta og smásala tengd þjónustu við farartæki.		0,41

4.23. Vötn, ár og sjór (V)

Vatnsfletir núverandi og fyrirhugaðra vatna, fallvatna og sjávar, þar með talið legu þeirra vegna stífla, breytingu á árfarvegum og landfyllinga.

Huga skal að verndun vatns og vistkerfum þess samkvæmt lögum um stjórn vatnamála. Mikilvægt er að viðhalda líffræðilegri fjölbreytni og náttúrulegu ástandi vatnavistkerfa og tryggja hreinleika, gæði og sjálfbæra nýtingu vatnsauðlinda. Verulegir veiðihagsmunir eru til staðar í Vopnafirði og þarf því að huga að þeim við allar framkvæmdir og ráðstöfun á landi. Einnig þarf að huga að sjálfbærri nýtingu m.t.t. stöðu fiskistofna. Heimilt er að stunda veiði í stöðuvötnum, með sjálfbæra nýtingu og verndun vistkerfa í huga.

Framkvæmdir við veiðivötn kunnu að vera háðar leyfi Fiskistofu samkvæmt lögum um lax- og silungaveiði.

Númer	Heiti	Lýsing	Sérákvæði	Stærð (ha)
V-1	Selá	Ein af þremur meginám sveitarfélagsins sem rennur um Selárdal til sjávar. Mikilvæg laxveiðiá.	Heimilt er að stunda stangarveiði í ánni með sjálfbæra nýtingu og verndun vistkerfa í huga.	-
V-2	Vesturdalsá	Ein af þremur meginám sveitarfélagsins sem rennur um Vesturárdal og endar í Skógarlóni. Mikilvæg laxveiðiá.	Heimilt er að stunda stangarveiði í ánni með sjálfbæra nýtingu og verndun vistkerfa í huga. Huga þarf sérstaklega að veiðifyrirkomulagi bleikju vegna fækkunar á tegundinni í ánni.	-
V-3	Hofs- og Sunnudalsá	Ein af þremur meginám sveitarfélagsins, tvær ár sem mætast milli Hofs og Deildarfells þar sem þær renna síðan til sjávar um Hofsárdal. Mikilvæg laxveiðiá.	Heimilt er að stunda stangarveiði í ánni, með sjálfbæra nýtingu og verndun vistkerfa í huga.	-
V-4	Dalsá	Dalsá fellur í Böðvarsdal og þaðan til sjávar.	Heimilt er að stunda veiði í ánni, með sjálfbæra nýtingu og verndun vistkerfa í huga.	-
V-5	Nýpslón	Fjörur og grunnsævi í Nýpslóni í inn af Nýpsfirði eru á Náttúruminjaskrá. Þar eru grunn, sölt lón með mikið dýralíf við sérstæð skilyrði.	Er á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar. Sjá líka ÖN-2.	95,83
V-6	Skógalón	Fjörur og grunnsævi í Skógalóni inn af Nýpsfirði eru á Náttúruminjaskrá. Þar eru grunn, sölt lón með mikið dýralíf við sérstæð skilyrði.	Er á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar. Sjá líka ÖN-2.	263,63



5. TAKMARKANIR Á LANDNOTKUN

Í samræmi við 6. kafla og 7.4.2. gr. skipulagsreglugerðar er sett stefna og skilmálar um takmarkanir á landnotkun.

Afmörkun á takmörkunum miðast við meginatriði, svæði og heildir sem dregin eru út frá eigna- og lóðamörkum, miðlínunum gatna, hæðarlínunum, árfarvegum, eldri afmörkunum í aðalskipulagi, sveitarfélagsmörkum og afmörkunum í opinberum gagnagrunnum (t.d. friðlýst landsvæði eða mikilvæg fuglasvæði).

Engin friðlýst svæði eru í sveitafélaginu.

Afmörkun reita eru áætluð gróflega í samræmi við stóran skala aðalskipulagsins.

5.1. Þéttbýlismörk

Númer	Heiti	Lýsing	Sérákvæði	Stærð (ha)
ÞM-1	Vopnafjarðarkauptún	Þéttbýlismörk Vopnafjarðarkauptúns	Þéttbýlismörk kauptúnsins eru einnig vaxtamörk og því ekki gert ráð fyrir frekari byggð utan þeirra, nema á lögbýlum. Ekki er heimilt að stofna til nýs þéttbýlis innan sveitarfélagsins. Innan þéttbýlismarka er miðað við að fjarlægð mannvirkja frá þjóðvegum megi vera minni en samkvæmt meginreglu í VI kafla vegalaga nr. 80/2007. Markmiðið er halda í sem stýstar vegalengdir innan kauptúnsins.	230,66

5.2. Hverfisvernd (HV)

Svæði þar sem sveitarstjórn hefur sett ákvæði um hverfisvernd til að vernda sérkenni eldri byggðar eða annarra menningarsögulegra minja, náttúruminjar, landslag eða gróður vegna sögulegs, náttúrulegs eða menningarlegs gildis, án þess að um friðun sé að ræða samkvæmt öðrum lögum.

Númer	Heiti	Lýsing	Sérákvæði	Stærð (ha)
HV-1	Miðbær Vopnafjarðarkauptúns	Elsti hluti kauptúnsins. Hluti af verndarsvæði í byggð	Frekari landfyllingar innan svæðisins eru ekki heimilar og halda skal strandlínu óbreyttri svo lengi sem niðurbrot hennar eða ágangur sjávar ógni ekki tilvist mannvirkja eða öryggi fólks. Allar nýbyggingar og viðbyggingar skulu falla vel að heildaryfirbragði svæðisins og taka tillit til annarra bygginga á svæðinu hvað varðar hæð, umfang byggingarefni og útlit. Við umsókn leyfisveitinga vegna framkvæmda á svæðinu skal leita umsagnar frá Minjastofnun Íslands.	4

5.3. Minjavernd (MV)

Svæði þar sem eru friðlýstar fornleifar og friðaðar fornminjar, hús og mannvirki sem njóta sjálfkrafa verndar á grundvelli aldurs þeirra samkvæmt lögum um menningarminjar.

Tryggja skal vernd menningar- og náttúruminja og varðveislu menningararfs. Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en deiliskipulag er samþykkt eða framkvæmdaleyfi veitt. Yfirfara skal eldri skráningar til að meta hvort þær uppfylli núgildandi kröfur og staðla.

Vernda skal byggingar og mannvirki sem teljast hluti af verðmætum menningararfi. Áhersla er lögð á varðveislu minja og byggðar, meðal annars með upplýsingaskiltum og endurgerð eldri bygginga.

Í samræmi við skala og takmarkaða nákvæmni aðalskipulagsuppdráttar er eingöngu sýnd áætluð friðhelgi uppmældra fornleifa, í samræmi við lög um menningarminjar. Þannig eru birtir 15 metra jaðrar í kringum friðaðar fornleifar og 100 metra jaðrar í kringum friðlýstar fornleifar. Þar sem friðhelgin er áætluð er hún eingöngu til viðmiðunar.

Greina skal frá minjaverndarsvæðum og hvernig tekið er tillit til þeirra í deiliskipulagi og í umsókn um framkvæmdarleyfi.

5.3.1. Friðlýsta fornleifar

Friðlýstar fornleifar eru á þremur jörðum í Vopnafirði, Hofi, Sunnudal og Krossavík (Krumsholt).

Númer	Heiti	Lýsing	Sérákvæði	Stærð (ha)
MV-16	Sunnudalur	Friðlýst árið 1931. Fornar búðaleifar á Sunnudalsþingstað. Innan friðhelgi er einnig óskilgreind tóft og túngarður sem eru friðaðar fornleifar.	Friðlýstar fornleifar, 100 m friðhelgi.	-
MV-17	Hofborg (Hof)	Friðlýst árið 1938. Fornar bæjartóftir og beitarhús frá Hofi, á sléttum bletti við Sunnudalsá, undir grasbrekku.	Friðlýstar fornleifar, 100 m friðhelgi.	-
MV-18	Hof	Friðlýst árið 1938. A) Hoftóft, svo sem 150 fððmum beint upp frá kirkjunni. B) Forn ferhyrnd girðing, sem er á hægri hönd þegar riðið er heim traðirnar. C) "Skollahringur", er svo kallast, hringmynduð tóft fyrir ofan bæinn. D) Önnur girðing fornleg, sem er norðar og austar og liggur fast við hinn gamla túngarð. Innan friðhelgi er einnig óskilgreind tóft sem er friðuð.	Friðlýstar fornleifar, 100 m friðhelgi.	-
MV-20	Krossavík/Krumsholt	Friðlýst árið 1931. Túngarðsleifar fornar þar sem heitir enn Krumsholt, spólkorn fyrir utan bæinn.	Friðlýstar fornleifar, 100 m friðhelgi.	-

5.3.2. Friðaðar fornleifar

Til einföldunar eru fornleifaskráningar sameinaðar eftir heiti jarðar árið 1847 eða jarðarheiti í dag. Þannig getur eitt minjaverndarsvæði náð utan um fleiri en einar fornleifar. Fyrir nánari upplýsingar og skráningar fornleifa er bent á Minjasjá Minjastofnunar.

Númer	Heiti	Lýsing	Sérákvæði	Stærð (ha)
MV-1	Áslaugarstaðir	Áslaugarstaðir eru næst ysti bær í Selárdal. Er fyrst nefndur 1686 í jarðabók. Jörðin var í bændaeign en skiptist um 1900 milli hrepps og verslunar Örum & Wulff, en komst aftur í bændaeign 1912. Búskapur lagðist af 1962.	Friðaðar fornleifar, 15 m friðhelgi.	-
MV-2	Þorvaldsstaðir	Þorvaldsstaðir voru byggðir milli 1812–1816 í Almennungi, fyrst nefndir í manntali 1816, og fóru í eyði 1952.	Friðaðar fornleifar, 15 m friðhelgi.	-
MV-3	Hamar	Hamar var stofnaður 1829 í Almennungi, nefndur eftir hömrum við Selá; fyrst getið 1835, fór í eyði 1909–1918, endurbyggður, en lagðist endanlega af 1928.	Friðaðar fornleifar, 15 m friðhelgi.	-
MV-4	Skógar	Skógar eru utarlega í Vesturárdal, norðan við innanvert Skógalón og skiptist jörðin í dag í Skóga 1 - 3. Kemur fyrst í jarðatali árið 1686. Frá miðri 19. öld var stundum tvíbyli á Skógum og var jörðinni þá skipt um bæjarlæk og hlunnindum til helminga.	Friðaðar fornleifar, 15 m friðhelgi.	-
MV-5	Ljótstaðir	Hjáleiga úr landi Bustarfells.	Friðaðar fornleifar, 15 m friðhelgi.	-
MV-6	Vakursstaðir/Vakursstaðir 2	Vakursstaðaland náði frá Selá yfir Vesturárdal; fyrst nefndir 1453. Oft tvíbyl fram á 20. öld, þríbyl eftir miðja öld. Nýbylin Vakursstaðir 2 og 3 stofnuð 1953 og 1960.	Friðaðar fornleifar, 15 m friðhelgi.	-
MV-7	Búastaðir	Búastaðir eru í Vesturárdal norðan Vesturdalsár. Jörðin var í bændaeign og er fyrst getið í Vopnfirðingasögu.	Friðaðar fornleifar, 15 m friðhelgi.	-
MV-8	Hauksstaðir	Hauksstaðir (Haukstaðir) er innsti bær í Vesturárdal. Nafnið kemur fyrir í jarðabókum og skýrslum, fyrst nefnt í máldaga Laurentiuskirkju á Refsstað 1367.	Friðaðar fornleifar, 15 m friðhelgi.	-
MV-9	Brunahvammur	Brunahvammur í Fossdal, fyrst nefndur í máldaga 1397; hjáleiga frá Bustarfelli samkvæmt Jarðatali Johnsen; fór í eyði 1945.	Friðaðar fornleifar, 15 m friðhelgi.	-
MV-10	Kinn	Aflagðar réttir, í landi Brunahvams.	Friðaðar fornleifar, 15 m friðhelgi.	-
MV-11	Hof/Tungusel	Afréttarbyli í Tunguheiði, nefnt í skrá Hofsprests 1794; endurreist í þrjú ár frá 1861; búið þar um miðja 19. öld, með beitarhús og skilarétt fram á 20. öld.	Friðaðar fornleifar, 15 m friðhelgi.	-
MV-12	Einarsstaðir	Lengi vel í eigu bænda. Árið 1840 talin einn reisulegasti bær Hofsóknar. Gamla bæjarstæðið var í miðju túni við Hofsa, nú stendur bærinn ofar á grundinni.	Friðaðar fornleifar, 15 m friðhelgi.	-
MV-13	Bustarfell	Bustarfell er jörð í dalbotni undir samnefndu fjalli. Hún er fyrst nefnd í Sturlungu þegar Ólafur bóndi á Bustarfelli barðist í Þverárbardaga 1255. Jörðin hefur alltaf verið í bændaeign og stórbýli. Sama ætt hefur átt Bustarfell	Friðaðar fornleifar, 15 m friðhelgi.	-

		frá 1532 og búið var í torfbænum til 1966. Árið 1943 var torfbærinn seldur ríkinu og er nú í vörslu Þjóðminjavarðar.		
MV-14	Þorbrandsstaðir	Þorbrandsstaðir eru í Hofsárdal, norðvestan undir Þorbrandsstaðahálsi. Þeir eru fyrst nefndir í Vopnfirðingasögu, þar sem Brúni bjó og reið til vörpings í Fljótsdalshéraði með Bjarna Brodd-Helgasyni.	Friðaðar fornleifar, 15 m friðhelgi.	-
MV-15	Teigur	Teigur liggur milli Hofs og Bustarfells, vestan Hofsár. Hann er ekki nefndur í fornsögum, en munnmæli segja að Teigur hafi upphaflega verið hluti Hofslands. Í Jarðabók er jörðin talin bændaeign, en um 1900 kom hún í eigu Vopnafjarðarhrepps, allt til 1942.	Friðaðar fornleifar, 15 m friðhelgi.	-
MV-19	Hof/Þorsteinsstaðir	Þorsteinsstaðir voru býli fyrr á öldum, líklega fór í eyði í Móðuharðindunum. Í örnefnaskrá kemur fram að Þorsteinsstaðir hafi síðar verið hjáleiga og beitarhús, byggð 1924 og lögð niður 1948.	Friðaðar fornleifar, 15 m friðhelgi.	-
MV-21	Krumsholt	Krumsholt er nefnt í eyðibýlaskrá (1775–1777) í Ferðabók Ólafs Olavíusar sem fornþýli, en óljóst er hvenær það fór í eyði. Enn sjást rústir bæjarins og leifar túngarðs, spólkorn fyrir utan bæinn.	Friðaðar fornleifar, 15 m friðhelgi.	-
MV-22	Fagridalur	Fagridalur er fyrst nefndur í Vopnfirðingasögu þegar Geitir flutti bú sitt þangað. Hann er einnig getinn í rekaskrá Skálholtsstaðar frá 1270. Árið 1847 var jörðin eign Hofskirkju, en áður Refsstaðakirkju.	Friðaðar fornleifar, 15 m friðhelgi.	-
MV-23	Fagridalur-Bjarnarey	Bjarnarey er um 1 km austur af Standandanesi og tilheyrði Hofskirkju. Frá 1913 hefur hún fylgt Fagradal. Eyjan var áður kölluð Gullbjarnarey eftir þjóðsagnapersónunni Gull-birni sem sagður geyma gull í helli undir eyinni. Útræði var þar öldum saman og stundum sauðfé sjálfala. Byggð var stopul; Jón lærði dvaldi þar um 1632–1639, og í manntali 1703 bjuggu tvær fjölskyldur. Síðast var búið í eyjunni 1884–1890.	Friðaðar fornleifar, 15 m friðhelgi.	-
MV-24	Leiðarhöfn	Leiðarhöfn er fyrst nefnd í manntali 1703. Nafnið er talið vísa til leiðsagnar sem skip fengu áður en þau sigldu milli hólma og skerja inn að Vopnafjarðarkauptúni. Jörðin var talin ein af betri bújörðum vegna mikilla hlunninda og góðs útræðis, þrátt fyrir annmarka á beit og heyskap.	Friðaðar fornleifar, 15 m friðhelgi.	-
MV-25	Norður-Skálanes	Skálanesjarðanna er fyrst getið 1398. Norður-Skálanes liggur á innanverðum Kolbeinstanga og mun líklega draga nafn sitt af verbúðarsetu. Var í bændaeign til 1915 þegar hún var seld Vopnafjarðarhreppi, vegna þörf á viðbótarlandi.	Friðaðar fornleifar, 15 m friðhelgi.	-

5.3.3. Friðlýst hús

Friðlýst hús eru ekki merkt á uppdrátt aðalskipulags vegna stórs skala. Merkja skal öll friðlýst hús í deiliskipulag

Samkvæmt húsaskrá Minjastofnunar Íslands eru þrjú hús friðlýst í Vopnafirði: Bustarfell, Hofskirkja og Vopnafjarðarkirkja.

5.3.3.1.1. Bustarfell

Byggingarár: Um miðja 19. öld en er eldri að stofni til.

Hönnuður: Fremri stofu, sem reist var 1851–1852, Einar Einarsson bóndi og gullsmiður á Bustarfalli. Baðstofu og stofu undir henni sem reist var 1877, Árni Jónsson snikkari frá Hólum í Vopnafirði.

Í vörslu Þjóðminjasafns Íslands frá 1943 og minjasafn frá 1982.

Friðaður 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði.

Í Hofsárdal stendur gamla ættarsetrið Bustarfell. Þessi torfbær, með rauðum stöfnum og grasi vöxnu þaki, er einn af elstu og best varðveittu bæjum sinnar tegundar á landinu. Árið 1532 keyptu Árni Brandsson og kona hans Úlfheiður bæinn Bustarfell. Síðan hefur sama ættin búið þar alla tíð. Torfbærinn hefur verið í vörslu Þjóðminjasafnsins frá 1943 og Minjasafnið á Bustarfalli er til húsa í bænum. Aðstandendur safnsins hafa lagt metnað sinn í að sýning gripa safnsins sé sett upp á sem raunverulegastan hátt þannig að gestir nái að upplifa heimilið rétt eins og íbúar hússins hafi brugðið sér frá stundarkorn.

Sérstaða safnsins felst í því hversu glögg það miðlar breyttum búskapar- og lífnaðarháttum fólks allt frá því um 1770 til þess er hætt var að búa í bænum árið 1966.

Til að mynda eru þrjú eldhús í bænum sem öll segja sína sögu og tilheyra hvert sínu tímabili. Eins er um muni safnsins, þeir tilheyra mismunandi tímabilum. Gaman er að ganga um og sjá hvernig einn hlutur hefur tekið við af öðrum í árunna rás.

5.3.3.1.2. Hofskirkja

Byggingarár: 1901

Hönnuður: Björgólfur Brynjólfsson forsmiður frá Skjöldólfsstöðum í Breiðdal.

Breytingar: Kirkjan var klædd bárujárni í upphafi en var klædd trapisumótuðum plötum 1980.

Friðuð 1. janúar 1990 samkvæmt aldursákvæði.

Hofskirkja er timburhús, 10,31 m að lengd og 7,81 m á breidd, með turn við vesturstafn, 1,86 m að lengd og 4,03 m á breidd. Stöpull er tvískiptur, breiður að neðan og á honum rismikið þak upp að ferstrendum efri hluta. Á honum er ferstrendur burstsettur turn með ferstrendri spíru. Á þremur turnhliðum er bogadregið hljómpop með hlera. Þakið er krossreist og klætt bárujárni. Kirkjan er klædd trapisumótuðum plötum og stendur á steinhlöðnum sökkli. Á hvorri hlið kirkju eru þrír smárúðottir oddbogagluggar úr steypujárni, tveir hringgluggar eru á framstafni kirkju en einn á framhlið stöþuls.

Fyrir kirkjudyrum eru spjaldsettar vængjahurðir og oddbogagluggi yfir.

Að framkirkju eru spjaldsettar vængjahurðir og gangur inn af þeim. Aftursættir þverbekkir eru hvorum megin gangs og veggbekkir í kór. Setsvalir á fjórum stöðum eru yfir fremri hluta framkirkju og stigi við framgafl norðan megin. Dyr með glerjaðri hurð eru að stöpli frá setsvölum. Veggir eru klæddir *spjaldapili upp undir glugga en breiðum þiljum að ofan. Gaflar eru klæddir reitapiljum uppi undir hvelfingu. Yfir kirkjunni er reitaskipt stjörnusett hvelfing.*

5.3.3.1.3. Vopnafjarðarkirkja

Byggingarár: 1902–1903.

Hönnuður: Björgólfur Brynjólfsson forsmiður frá Skjöldólfsstöðum í Breiðdal.

Breytingar: Kirkjan var klædd að utan með panelmótuðum plötum 1974. Tengibygging reist milli kirkju og safnaðarheimilis 1994, hönnuður: Hjörleifur Stefánsson arkitekt.

Vopnafjarðarkirkja er byggð á árunum 1902–1903. Vígsla kirkjunnar fór fram 3. maí 1903. Hönnuður kirkjunnar var Björgólfur Brynjólfsson frá Skjöldólfsstöðum í Breiðdal, sá hinn sami og hannaði Hofskirkju í Hofsprestakalli sem vígð var 19. desember 1901. Séra Sigurður Sívertsen, þá sóknarprestur, lét byggja báðar kirkjurnar og þykja þær áþekkar í útliti. 1 Ber þar meðal annars að nefna ferstrenda burstsetta turninn með ferstrendri spíru sem stendur á stölpupakinu. Athygli vekur að kórinn snýr í norður en forkirkjan með turninum til suðurs, að þáverandi jaðri þorpsins. Slík skipan er ekki bönnuð í lúterskum sið, en það tíðkast þó frekar að altarið snúi í suðlæggar áttir ef háaustur næst ekki. Enn fremur ber að nefna að kirkjan er með kór, en það var ekki alltaf venjan við hönnun kirkna á þeim tíma. Til dæmis er engin slíkur kór við kirkjuna að Hofi, sem Vopnafjarðarkirkju svípar mjög til. Alls tekur kirkjan um 250 manns í sæti. Henni er nú þjónað frá Hofi. Altaristafla kirkjunnar er eftir Jóhannes Kjarval.

5.3.4. Friðuð hús

Samkvæmt 29. gr. laga nr. 80/2012 eru öll mannvirki sem voru byggð árið 1923 eða fyrr friðuð. Hér fyrir neðan eru listuð hús í sveitarfélaginu sem njóta friðunar.

Innan Vopnafjarðarkauptúns:

- Framtíðin, Hafnarbyggð 1A. Byggt árið 1898.
- Fisk- og salthúsið, Hafnarbyggð 2A. Byggt árið 1886
- Glæsibær, Hafnarbyggð 3. Byggt árið 1905.
- Kaupvangur, Hafnarbyggð 4A. Byggt árið 1882.
- Guðjohnsenshús, Hafnarbyggð 5. Byggt árið 1880.
- Baldursheimur, Kolbeinsgata 2. Byggt árið 1882.
- Kirkjuból, Kolbeinsgata 7. Byggt árið 1900.

Í Hofárdal:

- Guðmundarstaðir. Aldursfriðar timburhús. Byggt árið 1910.
- Egilsstaðir. Aldursfriðað timburhús. Byggt árið 1917.
- Árbrandsstaðir. Aldursfriðað timburhús. Byggt árið 1900.

Í Böðvarsdal:

- Böðvarsdalur. Aldursfriðað timburhús. Byggt árið 1906.

Í Bjarnarey:

- Bjarneyjarkofi. Aldursfriðað torfhús. Byggt árið 1915.

5.4. Vatnsvernd (VF & VG)

Vatnsverndarsvæði, þ.e. svæði sem heilbrigðisnefnd sveitarfélags hefur ákvarðað sem vatnsverndarsvæði umhverfis hvert vatnsból, annars vegar grannsvæði (VG) og hins vegar fjarsvæði (VF) sbr. reglugerð um neysluvatn.

5.4.1. Vatnsvernd, grannsvæði (VG)

Vatnsból, eða brunnsvæði, er í næsta nágrenni vatnstökustaðar. Grannsvæði tekur við af brunnsvæði vatnsbóla. Stærð ákvarðast af viðkvæmni svæðisins með tilliti til t.d. lektar og sprungna.

Allar framkvæmdir og starfsemi sem geta ógnað öryggi vatnsöflunar eru bönnuð.

Mannvirkjagerð, önnur en sú sem tilheyrir rekstri og öryggi vatnsbóls, er óheimil. Afla skal leyfis heilbrigðisnefndar fyrir framkvæmdum.

Útivist er heimil enda falli þau not að forsendum vatnsverndar.

Númer	Heiti	Lýsing	Sérákvæði	Stærð (ha)
VG-1	Torfastaðir	Grannsvæði vatnstöku við Torfastaði.		1,7
VG-2	Ytri Hlíð	Grannsvæði vatnstöku við Ytri Hlíð.		1,73
VG-3	Svínabakkahlaup	Grannsvæði vatnstöku við Svínabakkahlaup.		39,6

5.4.2. Vatnsvernd, fjarsvæði (VF)

Fjarsvæði eru aðal ákomusvæði grunnvatnsstrauma. Öll landnýting á svæðinu skal samræmast markmiðum vatnsverndar.

Útivist er heimil að því gefnu að hún samræmist forsendum vatnsverndar.

Framkvæmdir á fjarsvæðum krefjast leyfis frá heilbrigðisnefnd.

Við hönnun og uppbyggingu nýrra eða eldri vega skal leggja áherslu á umferðaröryggi og mengunarvarnir. Þar sem hætta er á útafakstri eða þar sem grunnvatnsrennsli liggur til vatnsbóla skal tryggja fullnægjandi mótvægisáðgerðir.

Óheimilt er að nýta akvegi á fjarsvæðum til akstursíþróttar.

Akstursíþróttasvæði, skotvöllir og sambærileg starfsemi eru óheimil.

Mengandi starfsemi er óheimil nema með samþykki heilbrigðisnefndar. Starfsleyfi skal ekki veitt nema tryggt sé að grunnvatn mengist ekki og starfsemin sé í samræmi við skipulagsáætlanir.

Óheimilt er að auka eða hefja nýtt búfjárhald á svæðinu.

Þar sem almennir vegir liggja inn á fjarsvæði skal eigandi vegar setja upp skilti með nauðsynlegum upplýsingum um viðkvæmni svæðisins fyrir mengun.

Númer	Heiti	Lýsing	Sérákvæði	Stærð (ha)
VF-1	Torfastaðir	Vatnsvernd vegna vatnstöku við Torfastaði.		755,8
VF-2	Ytri Hlíð	Vatnsvernd vegna vatnstöku við Ytri Hlíð.		428,9
VF-3	Svínabakkahlaup	Vatnsvernd vegna vatnstöku við Svínabakkahlaup.		351,6

5.5. Önnur náttúruvernd (ÖN)

Svæði svo sem jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd.

Eftirfarandi svæði eru á náttúruminjaskrá Umhverfisstofnunar eða skilgreind sem mikilvæg fuglasvæði af Náttúrufræðistofnun Íslands.

Ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð á svæðunum fyrir utan viðhald á núverandi vegslóðum og stígum. Leyfilegt er að ráðast í framkvæmdir til að verja náttúru- eða menningarminjar á svæðunum, að fenginni umsögn Náttúruverndarstofnunar.

Númer	Heiti	Lýsing	Sérákvæði	Stærð (ha)
ÖN1	Fuglabjarganes	Strandlengja og fjörur við Fuglabjarganes. Fögur og fjölbreytt strönd, mikið fuglalíf.	Er á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar. Verndun sérstakra landslagsgerða, jarðmyndana og stórbrotins landslags.	578,99
ÖN2	Nýpslón og Skógalón	Fjörur og grunnsævi í Nýpslóni og Skógalóni inn af Nýpsfirði. Grunn, sölt lón. Mikið dýralíf við sérstæð skilyrði.	Er á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar. Verndun vegna sérstæðra skilyrða þar sem saltur sjór mætir ferskvatns lóni.	548,25
ÖN3	Fagradalsfjöll og Kollumúli	Skaginn milli Vopnafjarðar og Héraðsflóa utan við Búr, Hellisheiði og Hellisá. Fagurt fjalllendi með dalverpum og litríkri strönd. Athyglisverður gróður og jarðmyndanir.	Er á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar. Verndun sérstakra landslagsgerða, jarðmyndana og gróðurs.	2042,44
ÖN4	Bjarnarey	Mikilvægt fuglasvæði og minjar um sögu eyjunnar. Leita skal umsagnar Minjastofnunar um nýframkvæmdir í eyjunni.	Er á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar. Verndun sérstakra landslagsgerða, jarðmyndana og menningarminja.	56,87



6. SÉRSTÖK ÁKVÆÐI

6.1. Almenn ákvæði um framkvæmdaleyfi

Áður en framkvæmdaleyfi er veitt á grundvelli aðalskipulags, auk ákvæða landnotkunarflokks, skal meta áhrif framkvæmdar á landslag, lífríki, verndarsvæði, náttúru og minjar, auk sýnileika, hljóð- og lyktarmengunar.

Leitast skal við að staðsetja mannvirki á óbyggðum svæðum án þess að skerða víðerni.

6.2. Stakar framkvæmdir

Einstaka framkvæmdir eru heimilar án breytinga á aðalskipulagi ef þær valda ekki verulegum umhverfisáhrifum. Dæmi: mannvirki tengd landbúnaði, stök frístundahús, smávirkjanir, áningarstaðir, neyðarskýli.

Grenndarkynning skv. 44. gr. skipulagslaga er nauðsynleg.

Skipulagsnefnd metur hvort deiliskipulag sé nauðsynlegt.

Frágangur skal vera vandaður, gæta skal að loka jaðri framkvæmdasvæða, græða upp sár og ógróið land.

Veglagning skal taka mið af núverandi slóðum eins og kostur er.

Huga skal að menningararfi og sögu Vopnafjarðar.

6.2.1. Byggingar á landbúnaðarsvæðum

- Heimilt er, að undangengnu deiliskipulagi eða grenndarkynningu, að reisa stök mannvirki án breytinga á aðalskipulagi.
- Framkvæmdaaðili skal leggja fram afstöðumynd eða drög að deiliskipulagi með lýsingu á framkvæmd.
- Meta skal áhrif á landslag, náttúru, verndarsvæði og minjar.
- Öll tilskilin leyfi (framkvæmda- og/eða byggingarleyfi) skulu liggja fyrir.

Heimilar framkvæmdir án sérstakrar landnotkunar:

- Stök íbúðarhús á landbúnaðarlandi, sérstaklega til að endurvekja ábúð.

- Á landspildum ≥ 3 ha sem ekki tengjast búrekstri skulu ný hús reist nálægt núverandi byggð.
- Heimilt er að reisa hús á stærri landspildum/eyðjörðum ef tengsl við samgöngu- og veitukerfi eru góð.
- Stök frístundahús á 0,5–1,0 ha lóðum, utan verndarsvæða. Nýtingarhlutfall að jafnaði $\leq 0,03$ (allt að 0,05 við sérstakar aðstæður). Frístundahús eru ekki heimil á óbyggðum svæðum (ÓB).
- Lóðir undir stök mannvirki skulu að jafnaði ekki fara yfir 1,0 ha.
- Gæta skal að frágangi, frárennislögnum og aðgengi að rotþróum.

6.3. Sérstök ákvæði um hótél og gistiþjónustu

Gistiþjónusta í flokkum I-IV er leyfileg á miðsvæði (M), með takmörkunum sem hæfa til að raska ekki ró íbúa, í samráði við nærliggjandi íbúa.

Gistiþjónusta í flokkum I-IV er ekki heimil á íbúasvæðum (ÍB).

Hótél og gistiheimili eru ekki heimil á athafnar- (AT), iðnaðar- (I) og hafnarsvæðum (H).

Gert er ráð fyrir að gistiþjónusta sé heimil á íþróttasvæðum (ÍÞ) enda sé gerð grein fyrir starfseminni í deiliskipulagi og gætt að trufla ekki aðra starfsemi eða íbúa.

Utan miðsvæða er almennt talið að gisti- og veitingaþjónusta sé á afmörkuðu svæði fyrir verslun og þjónustu (VÞ).

6.3.1. Gistiþjónusta á landbúnaðarsvæðum

Heimilt er að veita almenna ferðaþjónustu á skráðum lögbýlum, s.s. ferðaþjónustu bænda, gistingu og tilheyrandi þjónustu.

Nýta má þann húsakost sem fyrir er á viðkomandi býli fyrir almenna ferðaþjónustu með minni háttar viðbótum og breytingum á mannvirkjum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi.

Leyfilegt er að halda úti gistingu fyrir allt að 8 gesti í hverju húsi á lögbýlum án frekari breytinga á aðalskipulagi.

Vinna skal deiliskipulag ef hýsa á fleiri en 16 gesti eða ef fleiri en tvö hús eru lögð undir gistipjónustu eða aðra starfsemi sem tengist ferðaþjónustu.

Nýbyggingar skulu nýta sömu heimreið og lögbýli; ekki skal fjölga tengingum við þjóðveg. Leita þarf samþykkis Vegagerðarinnar fyrir nýjum tengingum við heimreiðar.

6.4. Sérstök ákvæði vegna orkuvinnslu

Orkuvinnsla með sölu að leiðarljósi er heimil ef samfélagið nýtur ávinnings og umhverfisáhrif eru lágmarkuð. Breyting á aðalskipulagi og umhverfismat er æskilegt.

6.4.1. Vatnsaflsvirkjanir á lögbýlum

Á landbúnaðarlandi eru smáar vatnsaflsvirkjanir til eigin nota á lögbýlum heimilar án breytinga á aðalskipulagi ef þær uppfylla eftirfarandi:

- eru ekki tengdar almennu dreifikerfi,
- uppsett afl fer ekki yfir 200 kW,
- eru ekki á svæði á náttúruminjasrá eða hverfisverndarsvæði,
- skerði ekki gott ræktunarland samkvæmt flokkun landbúnaðarlands,
- stíflur, miðlunarlón, ásamt lögnum og vegum séu mótuð að landslaginu og skilji ekki eftir sig sár,
- aðstöðuhús sé að hámarki 15 m² og 4 m að hæð.

Sækja þarf um framkvæmdarleyfi þar sem sýnt er fram á að ofangreind atriði séu uppfyllt.

6.4.2. Sólarsellur til eigin nota

Sólarsellur til eigin nota í byggð og dreifbýli er leyfðar á húspökum svo lengi sem stærð þeirra er ekki meiri en þakflöturinn.

6.4.3. Örvirkjanir á óbyggðu svæðum

Sólarsellur eða litlar vindmyllur á óbyggðum svæðum má setja upp í tengslum við þjónustustarfsemi fjarri almennum veituleiðum, t.d. til að sjá farsímasendum eða neyðarskýlum fyrir orku. Með allt að 100 kW uppsettu afli.

